# FRÉTTABLAÐIÐ

9. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. JANÚAR 2016




**Búið um brákaðan úlnlið í gær** Mikil hálka var í höfuðborginni í gær og leituðu tugir manna á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi vegna hálkuslysa, margir brotnir, til að mynda á ökkla eða úlnlið. Annir vegna hálkuslysanna voru slíkar að ekki var ráðrúm til að taka saman hversu margir hefðu leitað á sjúkrahúsið vegna þeirra. Í tilkynningu sem Landspítalinn sendi frá sér í gær er brýnt fyrir fólki að fara varlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Létu 16 ára stúlku afklæðast

**Nafnlaus ábending um fíkniefnavörslu varð til þess að ungmenni voru handtekin á Vesturlandi. Leitað var innanklæða á 16 ára stúlku. Hvorki var haft samband við foreldra stúlkunnar né barnaverndaryfirvöld.**

**DÓMSMÁL** „Henni finnst að lögreglan eigi ekki að geta komist upp með svona án þess að neinn viti af því,“ segir Oddgeir Einarsson, lögmaður ungrar stúlku sem hefur stefnt íslenska ríkinu vegna handtöku á Vesturlandi í ágúst síðastliðnum.

Stúlkan, sem var sextán ára þegar atvikið átti sér stað, var farþegi í bíl á leið frá Ólafsvík til Reykjavíkur ásamt öðrum ungmennum þegar lögregla stöðvar bílinn. Ungmennin voru öll handtekin og færð á lögreglustöðina á Akranesi.

Stúlkan ber að þegar þangað hafi verið komið hafi hún verið lokuð inni í fangaklefa ásamt annarri stúlku sem jafnframt var undir lögaldri.

Í klefanum framkvæmdi lögregluþjónn líkamsleit á stúlkunni að hinni viðstaddri og var henni skipað að klæða sig úr öllum fötum. Stúlkan hlýddi því og stóð nakin í fangaklefanum.

Því næst var hún beðin að beygja sig fram og lögregluþjónn skoðaði kynfæri hennar og rass, án snertingar.

> **Það er umdeilt hvort það hafi verið kíkt ofan í nærbuxur eða hún látin afklæðast algjörlega.**
>
> Oddgeir Einarsson lögmaður stúlkunnar



**» Engin fíkniefni fundust við leit lögreglu.**

Áður en þetta átti sér stað var hvorki haft samband við foreldra stúlkunnar, né barnavernd.

Lögmaður stúlkunnar hafði í kjölfarið samband við lögreglu til að fá upplýsingar um það hvers vegna stúlkan mátti þola þessa meðferð. Þegar óskað var eftir gögnum málsins kom í ljós að lögregluskýrsla var ekki skrifuð um atvikið fyrr en eftir að lögmaður hafði hringt og spurst fyrir um málið, eða 22 dögum eftir atvikið.

Í lögregluskýrslunni kemur fram að nafnlaus ábending hafi borist lögreglu um að fíkniefni kynnu að vera í bílnum og að ökumaður væri undir áhrifum þeirra.

Þá segir að stúlkan hafi ekki verið beðin um að afklæðast heldur hafi aðeins verið „kíkt ofan í nærbuxur“ hennar. Stúlkan mótmælir því og kveðst ekki hafa verið í nærbuxum þetta kvöld. Engin fíkniefni fundust í bílnum eða á ungmennunum.

„Við erum að fara í þetta mál því þetta lá mjög þungt á henni. Hún verður fyrir andlegu tjóni og vill fá staðfestingu á því að þetta hafi ekki verið rétt gert,“ segir Oddgeir.

„En alveg sama þó maður taki allt sem þeir segja, þá stenst þetta engan veginn og er alveg út í hött. Það er umdeilt hvort það hafi verið kíkt ofan í nærbuxur eða hún látin afklæðast algjörlega. Hvort fyrir sig er náttúrulega alls ekki rétt aðferð.“

Engin svör fengust frá lögreglunni á Vesturlandi vegna málsins.

– snæ

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þröstur Ólafsson skrifar um einhæfni auðlinda og virðiskeðjuna. 14-16

**SPORT** Hverjir fara á EM? 18

**MENNING** Franska kvikmyndahátíðin hefst bæði í Reykjavík og á Akureyri í vikunni. 26-28

**LÍFIÐ** Glamúr og glæsileiki á Gullhnettinum. 32-34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● BÍLAR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




**Í dag** blæs köld norðan- og norðaustanátt á landinu með éljum fyrir norðan og austan. Suðvestanlands ætti þó að vera bjart og fallegt veður. SJÁ SÍÐU 26



Flóttamenn yfirgefa flóttamannabúðir IOM í Beirút þaðan sem sýrlenskir flóttamenn koma til Íslands. MYND/EPA

# Fáum færri flóttamenn til landsins

**SAMFÉLAG** Til stóð að þann 19. janúar næstkomandi kæmu hingað fimmtíu og fimm flóttamenn frá Sýrlandi. Nú er komið í ljós þeir verða færri sem koma til landsins þennan dag.

Þrjár fjölskyldur sem fyrirhugað var að settust að í Hafnarfirði hafa frestað komu sinni og ein sem tekið verður á móti í Kópavogi.

Frestun á ferðalagi þeirra hingað til lands er vegna ýmissa persónulegra aðstæðna í lífi fjölskyldnanna, ein sýrlensku kvennanna er til að mynda barnshafandi og má ekki fara í flug. Hún kemur seinna til landsins ásamt fleirum í hópi flóttamanna sem dvelja í flóttamannabúðum í Líbanon.

Það eru því líklega sex fjölskyldur sem koma til landsins þann nítjánda janúar en ferðaáætlun Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna er ekki fullgerð. Fjórar flytja til Akureyrar og tvær setjast að í Kópavogi.

Nú vinna sjálfboðaliðar að því að undirbúa komu þeirra og innrétta íbúðir þeirra. **– kbg**

## Réttur búnaður bjargar




Víða um land var fljúgandi hálka í gær þegar frost hélt innreið sína á ný eftir vætutíð. Á höfuðborgarsvæðinu urðu margir illilega varir við þetta og mikilvægt að vera rétt búinn til ferðalaga á milli húsa. Margir hafa eflaust óskað þess að þeir væru með mannbrodda og göngustafi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hlutdeildin í þorskveiði heims minnkar

**SJÁVARÚTVEGUR** Hlutdeild Íslands í heildarþorskveiði heimsins fer minnkandi.

Árið 2013 var hlutdeild landsins 221 þúsund tonn, eða 16,2 prósent. Það ár var heildarveiðin alls 1.360 þúsundir tonna af þorski, líkt og greint er frá á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda.

Af tölum að dæma hefur ástand þorskstofnsins almennt verið gott á tímabilinu 2009 til 2013. Heimsaflinn í lok tímabilsins var um hálfri milljón tonna meiri en í upphafi þess, sem svarar til 57 prósenta aukningar, segir þar.

Hér við land hefur aukningin verið nokkru minni eða rúmur fimmtungur, 22 prósent, sem svarar til 39.500 tonna.

Í upphafi tímabilsins, árið 2009, var hlutdeild Íslands rúmur fimmtungur eða 20,9 prósent. **– shá**


Sinnir þú SKÖPUNný?




# Segir byggingarlistina verða að þróast eðlilega

**Formaður Arkitektafélagsins er ósáttur við valdbeitingu forsætisráðherra. Ummæli hans séu ekki í takt við stefnu félagsins. Ekki sé farsælt að nota gamlar teikningar, segir hún. Byggingarlist verði að geta þróast líkt og aðrar listgreinar.**

**SKIPULAG** Formaður Arkitektafélagsins telur forsætisráðherra ekki beita valdi sínu með réttum hætti þegar kemur að byggingarlist. Skilyrði um að gamlar teikningar séu notaðar á Alþingisreitnum og ummæli hans um Hafnartorgsreitinn séu ekki í takt við stefnu Arkitektafélagsins.

Hafnar eru framkvæmdir á Hafnartorgsreit þar sem byggja á sjö hús. Ekki er búið að hanna húsin heldur er aðeins um skipulagstillögu að ræða. Forsætisráðherra hefur sagt það skipulagsslys. Huga þurfi að gömlum húsum í bænum og skipuleggja reitinn út frá því. Reiturinn væri sá mikilvægasti í elstu byggð Reykjavíkur og ætti því að huga að samhenginu við skipulag reitsins.

„Forsætisráðherra er vitaskuld frjálst hafa þá skoðun sem hann vill. Öll umræða er einnig af hinu góða og gott að ræða þessi mál. Það er hins vegar hvernig hann beitir valdi sínu, með Alþingisreitinn til dæmis, sem við setjum spurningamerki við,“ segir Aðalheiður Atladóttir, formaður Arkitektafélagsins. „Við ættum í dag að skapa og hanna byggingar sem verða menningararfur seinna meir. Við ættum að nota tækifærið núna og gera eitthvað framsækið í byggingarlist. Byggingarlist verður að fá að þróast líkt og aðrar listgreinar.“

Bendir Aðalheiður á að vinnuferlið við byggingu húsa sé á þá leið að útlit hússins komi í lokin. Fyrst sé unnið í rannsóknum á húsinu, þarfagreiningu, skoðun umhverfis sem síðan leiðir af sér útlit. „Á Alþingisreitnum er hins vegar sett skilyrði í fjárlögum að unnið sé eftir gamalli teikningu eða hún sé höfð til viðmiðunar og það samrýmist ekki okkar stefnu.“

Aðalheiður bendir á að ekki sé hægt að binda list í einhvers konar tímafjötra „Ég gæti tekið tónlist til dæmis. Sjáum Björk og Of Monsters and Men sem eru að skapa í dag sem verður líkast til hluti af tónlistararfinum. Við ættum ekki að skikka þau til að semja tónlist í anda gamalla tíma vegna þess að litið sé til af þeirri tónlist.“ **sveinn@frettabladid.is**



Ekki er langt síðan ríki og borg deildu um mikilvægi hafnargarðs í Reykjavík. Forsætisráðherra hefur nú gert sig gildandi í umræðum um viðbyggingu á Alþingisreitnum sem og um nýtt skipulag á svokölluðu Hafnartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Aðalheiður Atladóttir, formaður Arkitektafélags Íslands



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra

**Hafnar eru framkvæmdir á Hafnartorgsreit þar sem byggja á sjö hús.**


ÆVINTÝRIÐ HEFST Í KVÖLD
1,3
MILLJARÐAR
GREIDDIR ÚT 2016
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS FYRIR KL. 18.00
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Vænlegast til vinnings

# Forstjóri N1 harmar ummæli forstjóra Samkeppniseftirlitsins

**VIÐSKIPTI** Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, telur að Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, hafi, án nokkurra raka, vænt N1 um ólögmæta viðskiptahætti í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær.

Málið varðar tvö útboð á eldsneyti til allmargra útgerðarfyrirtækja og smábátaútgerða í fyrra – en samtals voru boðin út 27.500 tonn af eldsneyti. N1 tók ekki þátt í öðru útboðinu, sem Landssamband smábátaeigenda stóð fyrir í lok árs.

Um það sagði Páll Gunnar í fréttinni:

„Í ljósi þeirrar niðurstöðu skýrslunnar að samkeppni sé virkust í stærri viðskiptum kemur það Samkeppniseftirlitinu verulega á óvart að aðeins eitt af stóru olíufélögunum hafi sóst eftir viðskiptum sem eru nokkuð umfangsmikil. Hafi átt sér stað einhver samskipti, milli olíufélaganna sem ekki buðu, sem með beinum eða óbeinum hætti varða umrætt útboð væri um alvarlegt mál að ræða. Samkeppniseftirlitið hefur hins vegar engar upplýsingar um að svo hafi verið,“ sagði Páll Gunnar.

**N1 harmar hins vegar að forstjóri Samkeppniseftirlitsins sjái ástæðu til að væna félagið opinberlega um ólögmæta viðskiptahætti fyrir vikið.**



Eggert Þór Kristófersson forstjóri N1

Í erindi sem Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, sendi blaðinu í gær segir:

„Vegna ummæla forstjóra Samkeppniseftirlitsins á forsíðu Fréttablaðsins í dag [mánudag] vill N1 taka eftirfarandi fram: N1 áskilur sér rétt til að taka eigin ákvarðanir í málum sem varða viðskipti og rekstur félagsins. Félagið tók einfaldlega ákvörðun um að taka ekki þátt í umræddu útboði, og byggði þá niðurstöðu á sínum forsendum, sinni viðskiptastefnu sem félagið gerði grein fyrir skriflega til útboðsgjafa,“ segir í erindi Eggerts Þórs. Öllum sé að sjálfsögðu frjálst að hafa sína skoðun á því hvort sú ákvörðun hafi verið rétt eða ekki. „N1 harmar hins vegar að forstjóri Samkeppniseftirlitsins sjái ástæðu til að væna félagið opinberlega um ólögmæta viðskiptahætti fyrir vikið. Það er bæði órökstutt, og ósanngjarnt.“ **– shá**



**Lægri fæðingartíðni veldur áhyggjum. Kvenréttindafélag Íslands vill viðbrögð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skora á Alþingi

**SAMFÉLAG** Stjórn Kvenréttindafélags Íslands telur aðkallandi að bregðast við lægri fæðingartíðni og skorar á Alþingi og félags- og húsnæðismálaráðherra að bregðast við með því að styrkja fæðingarorlofskerfi, auka framlög til foreldra og lengja fæðingarorlof. „Núverandi fæðingarorlofskerfi skapar foreldrum ungra barna ekki það fjárhagslega öryggi sem þarf að vera til staðar þegar fólk tekur á sig jafn stóra skuldbindingu og að eignast barn. Framfærsla er bæði of lág og fæðingarorlof of stutt,“ segir í áskorun félagsins. **– kbg**



**Hefðbundið útkall vegna hávaða leiddi til fíkniefnafundar.**

## Kannabis fannst í koddaverinu

**SUÐURNES** Þefvísir lögreglumenn á Suðurnesjum runnu á lyktina þegar þeir voru kallaðir að húsnæði í umdæminu vegna hávaða um helgina. Megn kannabislykt varð þeim tilefni til leitar í íbúðinni með leyfi húsráðanda. Lögreglumennirnir fundu poka með kannabis í koddaveri og var tekin skýrsla um málið á vettvangi. **– kbg**

# Hrossasala til útlanda hefur ekki verið meiri í fimm ár

Alls voru 1.360 hross seld utan á síðasta ári. Landsmót dregur þúsundir útlendinga til landsins. Fimmtungur þeirra sem eiga miða eru útlendingar. „Betur má ef duga skal,“ segir ábyrgðarmaður hrossaræktar.

**VIÐSKIPTI** Á síðasta ári voru 1.360 hross flutt út frá Íslandi. Um er að ræða mesta fjölda útfluttra hrossa um árabil.

Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir batamerki að markaðir séu að glæðast en betur megi ef duga skuli.

„Hrossabændur þurfa að selja fleiri hross. Markaðir erlendis þurfa að taka enn betur við sér til að hrossabændur séu ánægðir með stöðuna. Hins vegar er gott að markaðir séu að glæðast og þetta stefnir í rétta átt,“ segir Þorvaldur.

„Markaðir erlendis fyrir íslenska hestinn eru tiltölulega afmarkaðir um nokkur svæði. Einnig eru aðeins ákveðnar hestgerðir að seljast, sem eru vel tamin keppnishross. Gallinn er sá að fyrir reiðhross og ferðahesta, sem ekki eru líklegir keppnishestar, fæst lágt verð þar sem lítill markaður er fyrir þannig hesta.“

Lárus Ástmar Hannesson, formaður Landssambands hestamannafélaga, gleðst yfir því að markaðir séu farnir að taka við sér.

„Það er jákvætt að við séum komnir á rekspöl aftur með útflutning á hrossum. Þó verður alltaf að taka með í reikninginn að útlendingar eiga hér hross sem þeir eru kannski að flytja heim til sín en aftur á móti hafa íslenskir hrossabændur tekjur af umhirðu og tamningu hrossa fyrir útlendinga,“ segir Lárus.

„Einnig erum við að fara af stað með Íslandsverkefni, nýtt átaksverkefni um að stækka markaðinn með íslensk hross og vonandi mun það leiða til eflingar í útflutningi á hrossum.“



**Landsmót á Hólum 2016 kemur til með að draga að sér fjölda útlendinga. Unnendur íslenska hestsins eru búsettir um allan heim. Hér að ofan má sjá stemninguna á Gaddstaðaflötum árið 2014.** FRÉTTABLAÐIÐ/BJARNI ÞÓR SIGURÐSSON

Fram undan er landsmót hestamanna í sumar sem haldið verður á Hólum í Hjaltadal.

Lárus segir fjölda útlendinga sækja mótið þegar þau eru haldin þar sem þeir skoði hross og salan taki oft kipp eftir landsmót.

„Nú höfum við selt um 3.000 miða í forsölu á landsmót og eru útlendingar um fimmtungur þeirra sem hafa tryggt sér miða. Síðustu ár hefur íslenski hesturinn verið að skila um 15 milljörðum króna í gjaldeyristekjur til þjóðarbúsins þegar allt er tekið saman og því er þetta mjög mikilvæg atvinnugrein sem þarf að hlúa að.“

**Það er jákvætt að við séum komnir á rekspöl aftur með útflutning á hrossum.**

Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH

sveinn@frettabladid.is




# Bannað efni undir viðmiðunarmörkum

**NEYTENDUR** „Það eru engin parabenefni í vörum frá L'Occitane. Það er hins vegar rétt að örfáar vörur frá L'Occitane innihalda PHMB-efnið sem var flokkað í Evrópu þann 1. janúar 2015 sem Carcinogenic 2, það er efni sem gæti hugsanlega leitt til krabbameins í fólki. Í þeirri vöru frá okkur sem inniheldur mest magn þessa efnis er samt þrisvar sinnum minna magn en leyfilegt viðmiðunarmagn,“ segir Sigrún Ásgeirsdóttir, rekstrarstjóri hjá L'Occitane.

Stjórn félags lyfsala í Danmörku hvetur öll apótek í landinu til að fjarlægja strax úr hillum snyrtivörur sem innihalda PHMB-rotvarnarefnið. Það tilheyrir ekki bönnuðum parabenum eins og skilja mátti af frétt Fréttablaðsins sl. laugardag.

Sigrún segir að innihaldsefni með fyrrgreindri flokkun séu leyfð í snyrtivörum hafi þau fengið jákvætt álit hjá vísindanefndinni SCCS, Scientific Committee on Consumer Safety. „Samkvæmt síðasta áliti hennar má magn



**PHMB er leyfilegt í snyrtivörum hér á landi sé magnið undir 0,3 prósentum af innihaldinu.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Í þeirri vöru frá okkur sem inniheldur mest magn þessa efnis er samt þrisvar sinnum minna magn en leyfilegt viðmiðunarmagn.**

Sigrún Árnadóttir, rekstrarstjóri hjá L'Occitane

**0,3%**

**mega vera af PHMB**

PHMB ekki vera yfir 0,3 prósentum af innihaldinu. Töluvert minna magn er notað af þessu efni í vörunum frá L'Occitane. Fyrirtækið bætir ekki sjálft þessu efni í formúlurnar, heldur er það til staðar í hrávöru sem notuð er í þær.“ Að sögn Sigrúnar bíður snyrtivöruiðnaðurinn eftir nýju áliti frá SCCS varðandi innihaldsmagn.

Gunnlaug H. Einarsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir magn PHMB undir 0,3 prósentum leyfilegt á Íslandi. „Þetta efni er leyft í magni upp að 0,3 prósentum samkvæmt okkar túlkun. Við höfum ekki túlkað það þannig að það sé bannað, eins og Danir hafa gert samkvæmt greininni í Politiken.“ **– ibs**




Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

**Nýr RAV4** markar upphaf nýrra tíma með kraftmikilli hybrid-útfærslu sem gerir hverja ökuferð að hljóðlátri ánægju. RAV4 Hybrid fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn en auk þess býðst nýr RAV4 í dísil-útfærslu með framhjóladrifi. Glæsileikinn geislar af nýrri hönnun á stuðurum, ljósum og nýjum álfelgum. Bak við lipurt leðurstýri blasir við endurhannað mælaborð með stærri margmiðlunarskjá og upplýsingar á 4,2" TFT-skjá. Með 360° myndavél nýtur þú meira öryggis og skynjarar að aftan og framan meta fjarlægðina í öruggum akstri til móts við nýja tíma.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Uppgefið verð á við RAV4 GX FWD dísil. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



**Ástandið í Dunkirque eftir miklar rigningar.** NORDICPHOTOS/AFP

## Frakkar opna nýjar búðir fyrir flóttamenn

**FRAKKLAND** Frakkar hyggjast opna nýjar flóttamannabúðir í Norður-Frakklandi til að bregðast við hrakandi ástandi þeirra sem nú þegar eru til staðar á svæðinu. Mikið hefur rignt undanfarið við Ermarsund og er ástandið í flóttamannabúðunum í Dunkerque, sem hýsa þúsundir flóttamanna, sagt ómannúðlegt.

Fyrirhugað er að reisa nýjar búðir í Grande-Synthe í nágrenni Dunkerque. Þær eiga að vera búnar sturtum, hreinlætisvörum í meiri mæli en í Dunkerque sem og betri aðbúnaði ef frysta skyldi. Búðunum er ætlað að hýsa um 2.500 flóttamenn. Einnig ætla Frakkar að opna aðrar 1.500 manna búðir í Calais. **– þea**

# Slökkvistarf við erfiðar aðstæður



**Illviðráðanlegir skógareldar** Slökkvilið Höfðaborgar í Suður-Afríku nýtir þyrlu til að berjast við skógarelda. Illa hefur gengið undanfarið að ráða niðurlögum mikilla elda við rætur fjallanna í nágrenni borgarinnar og vinna nú um tvö hundruð slökkviliðsmenn með 25 slökkvibíla og fimm þyrlur við það. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Framsalið frá Mexíkó gæti tekið heilt ár

**MEXÍKÓ** Framsal kókaínbarónsins Joaquíns Guzmán, oft kallaður El Chapo, frá Mexíkó til Bandaríkjanna gæti tekið ár hið minnsta. Frá þessu greindi skrifstofa ríkissaksóknara Mexíkó í gær.

Talsmaður embættisins, Jose Manuel Merino, benti á að El Chapo hefði rétt á að áfrýja framsalinu ef hann vildi eins og mexíkósk lög kveða á um. Einn lögmanna El Chapo sagði í gær skjólstæðing sinn mundu áfrýja málinu alla leið í hæstarétt ef þyrfti.

Framsalsferlið hófst formlega á sunnudag þegar Bandaríkjamenn óskuðu eftir framsali hans svo hægt væri að rétta yfir honum fyrir hin ýmsu fíkniefnabrot.

El Chapo var handtekinn á föstudaginn í Norðvestur-Mexíkó en hann flúði úr fangelsi í júlí á síðasta ári eftir að hafa skriðið í gegnum 1,5 km löng göng. **– þea**

## Spánarprinsessa dregin fyrir rétt

**SPÁNN** Kristín Spánarprinsessa, systir konungsins Filippusar sjötta, varð í gær fyrsti meðlimur konungsfjölskyldunnar til að þurfa að mæta fyrir dómstóla.

Prinsessan er ákærð fyrir fjársvik, ásamt eiginmanni sínum og sextán öðrum. Verði hún fundin sek gæti hún átt yfir höfði sér allt að átta ára fangelsisdóm.

Átjánmenningarnir eru grunaðir um að hafa nýtt sér félag í eigu eiginmanns prinsessunnar, Iñaki Urdangarin, til að bjóða sveitarfélögum krafta sína á uppsprengdu verði og stinga ágóðanum í eigin vasa.

Þau sveitarfélög sem eiga að hafa orðið verst úti eru á Baleareyjum og í Valenciahéraði.

Kristín var um skeið stjórnarmaður í félaginu og er henni gefið að sök að hafa notað hið illa fengna fé til að kaupa fatnað fyrir börn þeirra hjóna. **– þea**





# Stóraukin fasteignasala í uppsveiflu síðasta árs

**Fasteignaviðskiptum fjölgaði um 17,5 prósent á síðasta ári. Fleiri sérbýli seldust en áður. Tæplega fjórum sinnum fleiri íbúðir seldust í Reykjavík árið 2015 en árið 2009. Ásgeir Jónsson segir eðlilegt að markaðurinn bregðist við uppsveiflu.**

**VIÐSKIPTI** Árið 2015 voru sextán prósent meiri viðskipti á fasteignamarkaði en meðalfjöldi viðskipta á ári síðustu þrettán árin. Tæplega sjö þúsund kaupsamningum íbúðarhúsnæðis var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu, sem var 17,5 prósent fjölgun milli ára. Fjölgunin í fyrra er mun meiri en síðustu þrjú árin á undan. Þetta kemur fram í nýrri Hagsjá Landsbankans.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur telur að þessa miklu fjölgun megi rekja bæði til launahækkana og minnkandi atvinnuleysis. „Fólk tekur stórar ákvarðanir eins og um fasteignakaup bæði út frá kaupmætti launa sinna sem og atvinnuöryggi, og ef atvinnuleysi minnkar hvetur það fasteignamarkaðinn áfram.“

Viðskipti með fjölbýli voru rúmlega 80 prósent viðskiptanna og jukust um 17 prósent. Viðskipti með sérbýli hafa aukist meira en viðskipti með fjölbýli á síðustu þremur árum og jukust um 19,6 prósent í fyrra.

Þróunin á höfuðborgarsvæðinu og í fjórum bæjum utan þess hefur alls staðar verið upp á við. Viðskiptum fjölgaði langmest í Reykjavík, þar voru einungis seldar um 1.000 eignir árið 2009 en þær voru nálægt 4.000 á árinu 2015.

„Með batnandi hag heimilanna og á fimmta ári í efnahagsuppsveiflu þá er ekkert óeðlilegt við það að fasteignamarkaðurinn bregðist við. Það liggur fyrir að verð á sérbýli er langt fyrir neðan byggingarkostnað og það má raunar segja um flestar eignir að verð sé rétt við eða undir byggingarkostnaði. Fram til þessa hefur verðið helst hækkað á litlu fjölbýli nærri miðju Reykjavíkur,“ segir Ásgeir.

Ásgeir bendir á að ákveðin þörf hafi safnast upp á undanförnum sjö árum, því sé ekki óeðlilegt að við sjáum svona mikið af viðskiptum.

„Það sem ég hef áhyggjur af er að það lítur út fyrir að það verði tiltölulega lítið nýtt framboð á þessu ári. Byggingariðnaðurinn hefur verið seinn til að bregðast við aukinni eftirspurn og það virðist taka lengri tíma að koma sér af stað eftir áfallið mikla 2008 og það gæti skapað verulegan skort á þessu ári.“ segir Ásgeir Jónsson. **saeunn@frettabladid.is**

### Sala á íbúðarhúsnæði í Reykjavík





Heimild: Þjóðfræðiskrá, Hagfræðideild

**17,5%** fleiri kaupsamningum var þinglýst árið 2015 en 2014

**4** sinnum fleiri kaupsamningar voru gerðir í Reykjavík árið 2015 en 2009

> **Það sem ég hef áhyggjur af er að það lítur út fyrir að það verði tiltölulega lítið nýtt framboð á þessu ári.**

Ásgeir Jónsson
hagfræðingurr




Framtíðin er
full af möguleikum
Öllum þykir gaman að velta fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.
Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.
Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða komdu við hjá okkur til að ræða þína framtíð.
Arion banki
– fyrir framtíðina
HVITA HÚSIÐ/SÍA – 15-1856

# Ástand heimsins

1



2



1. Íbúar í Melbourne í Ástralíu fylgjast með slökkvistarfi. Vatni er varpað úr þyrlu ofan á eld mikinn sem kviknaði í dekkjahrúgu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Kennsla er hafin á ný í Garissa-háskólanum í Kenía. Skólastarf lá niðri frá því fjórir vopnaðir menn myrtu þar nærri 150 manns fyrir níu mánuðum. NORDICPHOTOS/AFP

3. Blóm og orðsendingar á tröppunum fyrir framan aðallestarstöðina í Köln, þar sem hópar ungra karlmanna réðust á konur á gamlárskvöld. Árásirnar hafa kveikt miklar umræður í Þýskalandi um flóttafólk og útlendinga og kynt undir útlendingahatri. NORDICPHOTOS/AFP

4. Liðsmenn Peshmarga, hersveita Kúrda í norðurhluta Íraks, fylgjast með skotgröfum sem þeir grófu skammt frá borginni Kirkuk. NORDICPHOTOS/AFP

5. Heimatilbúið götuskilti í flóttamannabúðum í Calais. Þar gera þúsundir sér von um að komast yfir Ermarsundið til Bretlands. NORDICPHOTOS/AFP

5




3




4






mazda

Mazda3 er brautryðjandi á marga vegu. Framúrskarandi aksturseiginleikar Mazda halda bílnum límdum við veginn á meðan SkyActiv tæknin tryggir sparneytni án þess að skerða vélarafl. Að keyra Mazda3 er hrein ánægja fyrir þann sem vill algjöra stjórn því stýrissvörunin er frábær og viðbragðið næmt.

Útlit Mazda3 þykir sérstaklega vel heppnað. Útlínur bílsins gæla við augað enda er Mazda3 smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem innblásin er af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígurs.

Mazda3 er sportlegur fólksbíll með spennandi akstureiginleika, háþróaðan öryggisbúnað, notendavænt upplýsingakerfi, einstaka eldsneytisnýtingu og fyrsta flokks þægindi.

*Komdu og reynsluaktu Mazda3*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Forskot Clinton á Sanders nærri hverfur í nýrri skoðanakönnun

**BANDARÍKIN** Forskot Hillary Clinton á Bernie Sanders í baráttunni um að verða forsetaefni Demókrataflokks Bandaríkjanna er nærri horfið ef marka má nýja skoðanakönnun IBD/TIPP sem birt var í gær.

Samkvæmt könnuninni nýtur Clinton nú stuðnings 43 prósenta líklegra kjósenda en Sanders 39 prósenta. Þetta er töluverð breyting frá síðustu könnun sem kom út í desember. Þá mældist Clinton með 51 prósent en Sanders 33. Kannanir IBD/TIPP hafa reynst nokkuð áreiðanlegar og voru áreiðanlegastar allra í kosningabaráttunni árið 2012.

Nú munar bara fjórum prósentustigum á Clinton og Sanders. Aldrei hefur verið jafn mjótt á munum milli þeirra. Forskot Clinton hefur verið 15 til 30 prósent frá því í haust.

Tæpar þrjár vikur eru í að fyrstu ríkin kjósi í forkosningum, Iowa og New Hampshire. Einnig er mjótt á munum í þeim ríkjum, Sanders hefur fjögurra prósentustiga forskot í því síðarnefnda og Clinton þriggja í því fyrrnefnda. **– þea**

**4,0%**

**Fjórum prósentustigum munar nú á Hillary Clinton og Bernie Sanders í framboðsslag demókrata í Bandaríkjunum.**



**Bernie Sanders saxar nú hratt á forskot Hillary Clinton.** NORDICPHOTOS/AFP

## Kvikmyndin Everest halaði mest inn á árinu

**VIÐSKIPTI** Everest var vinsælasta kvikmynd landsins með rúmar 89 milljónir í tekjur árið 2015 samkvæmt tölum frá félagi rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði. Star Wars: The Force Awakens var í öðru sæti með tæpar 80 milljónir í tekjur, þótt hún hafi ekki verið frumsýnd fyrr en 18. desember síðastliðinn. Fyrsti sýningardagur kvikmyndarinnar var jafnframt sá tekjuhæsti í íslenskri kvikmyndasögu og var hún þá sýnd allan sólarhringinn. Myndirnar raða sér á lista yfir tuttugu vinsælustu kvikmyndir á Íslandi frá upphafi mælinga.

Það má því segja að bíóárið 2015 hafi verið einkar gott þar sem aðsókn að kvikmyndahúsum hefur verið að dragast saman undanfarin ár en að þessu sinni fer aðsóknin upp á milli ára í fyrsta skipti síðan 2009. **– sg**

## Óheimilt að hafa fleiri kýr en bása í fjósi

**LANDBÚNAÐUR** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti staðfesti nýlega synjun Matvælastofnunar á beiðni bónda á Norðurlandi eystra sem hafði um nokkurra ára skeið haldið yfir 100 kýr í fjósi sem var hannað fyrir 92 kýr með 92 legubásum. Gerðar voru ítrekaðar athugasemdir við fjölda kúa án þess að bóndinn sinnti því í nokkru.

Bóndinn hafði óskað eftir leyfi til að hafa tíu prósentum fleiri kýr en bása í fjósi í 16 til 20 mánuði til viðbótar við þriggja mánaða lokafrest til úrbóta sem veittur var í mars 2015. Taldi bóndinn nýjar reglur íþyngjandi og fór fram á að viðurkenndur yrði réttur hans til bóta vegna tekjutaps sem væri afleiðing af niðurskurði á bústofni. Þeirri beiðni synjaði Matvælastofnun. **– ibs**

# Hjálpargögn send til Madaja

**Nærri fjögur hundruð þúsund manns búa við sára neyð vegna átaka og umsáturs stjórnarhersins eða uppreisnarmanna í Sýrlandi. Stuðningsmenn Assads gera grín að sveltandi fólki í Madaja.**

**SÝRLAND** Bílalest, hlaðin nauðsynjavörum, hélt í gær af stað til bæjarins Madaja í Sýrlandi þar sem íbúar hafa liðið skort mánuðum saman vegna umsáturs stjórnarhersins í landinu.

Þetta er í fyrsta sinn síðan í október síðastliðnum sem Rauða krossinum hefur tekist að koma brýnustu nauðsynjum til Madaja. Byrjað var á að fara með matarpakka þangað, en á næstu dögum á að flytja þangað lyf, teppi og önnur hjálpargögn.

Þúsundir manna hafa verið innikróaðar í bænum og nokkrir hafa nú þegar látist úr hungri.

Í gær var einnig haldið af stað með nauðsynjar til fólks á fleiri stöðum í Sýrlandi, sem hafa verið innilokaðir vegna átaka og umsáturs annaðhvort stjórnarhersins eða uppreisnarhópa.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að nærri 400 þúsund manns þurfi á brýnni aðstoð að halda á samtals fimmtán svæðum í Sýrlandi, sem erfitt er að komast til vegna átaka og umsáturs stjórnarhersins eða uppreisnarmanna. Vandinn í heild er þó enn meiri, því meira en fjórar milljónir manna búa á átakasvæðum sem erfitt er að ferðast um.

Madaja er rétt vestan við höfuðborgina Damaskus, skammt frá landamærum Líbanons. Þar eru rúmlega 40 þúsund manns sem eiga erfitt með að draga fram lífið vegna skorts á brýnustu nauðsynjum.

Á samfélagsmiðlum hafa stuðningsmenn Bashars al Assad Sýrlandsforseta undanfarna daga farið háðulegum orðum um þjáningar hinna hungrandi íbúa Madaja. Þá sögðu sumir þeirra myndir af sveltandi fólki þar hljóta að vera falsaðar.

Stjórnarherinn lokaði seint í desember öllum leiðum til Madaja og krafðist þess að uppreisnarmenn þar gæfust upp.

Í lok síðustu viku sendu Sameinuðu þjóðirnar frá sér yfirlýsingu þar sem skorað var á stjórnarherinn að opna hjálparstofnunum leið til Madaja og vísaði til þess að samkvæmt alþjóðalögum sé bannað að svelta almenna borgara í þeim tilgangi að ná yfirhöndinni í vopnuðum átökum.

Stjórn Sýrlands heimilaði í kjölfarið hjálparstofnunum að fara með nauðsynjar til Madaja og fleiri svæða, sem einangruð hafa verið vegna umsáturs. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Bílalest með hjálpargögn leggur af stað frá höfuðborginni Damaskus til Madaja.** NORDICPHOTOS/AFP

**40**

**þúsund manns búa í bænum Madaja í Sýrlandi, skammt vestan við höfuðborgina Damaskus.**

**» Þúsundir manna hafa vikum saman verið innikróaðar í Madaja í Sýrlandi og nokkrir hafa nú þegar látist úr hungri. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir nærri 400 þúsund manns þurfa á brýnni aðstoð að halda á samtals fimmtán svæðum í Sýrlandi, sem erfitt er að komast til vegna átaka og umsáturs stjórnarhersins eða uppreisnarmanna.**


NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!




Nicotinell Classic/Fruit/Icemint/Lakrids/Mint/Spearmint/Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Notkun hjá fullorðnum 18 ára og eldri: Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Þú skalt nota Nicotinell 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Þegar hætta á reykingum: Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring. Þegar dregið er úr reykingum: Nota skal Nicotinell lyfjatyggigúmmí þegar upp kemur reykingaþörf til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum eins og mögulegt er. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Venjulega er ekki mælt með reglulegri notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Samtímis neysla á súrum drykkjum t.d. kaffi eða svaladrykkjum getur dregið úr frásogi nikótíns í kinninni. Forðast skal súra drykki 15 mínútum fyrir notkun lyfjatyggigúmmísins. Frábendingar: Einstaklingar sem ekki reykja, eru með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eða eru yngri en 18 ára eiga ekki að nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með bólgu eða sár í munni, koki, vélinda eða maga, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sérstakar varúðarreglur varðandi hjálparefni: Nicotinell inniheldur sorbitól (E420): Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið. Tyggigúmmígrunnurinn inniheldur bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar. Inniheldur natríum sem þarf að hafa í huga hjá sjúklingum á saltskertu fæði. Sumar bragðtegundir innihalda auk þess maltitól. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ


SENDUM
FRÍTT ÚR
VEFVERSLUN
ÚTSALA
25-60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI
LAUGAVEGI, GLERÁRTORGI, KRINGLUNNI OG Í VEFVERSLUN
Lín
DESIGN
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# Vaxtarsjóðir fjárfestu fyrir rúmlega þrjá milljarða króna árið 2015

**VIÐSKIPTI** Árið 2015 fjárfestu þrír nýir vaxtarsjóðir, Eyrir Sprotar, Frumtak 2 og Brunnur, fyrir rúmlega þrjá milljarða í fjórtán verkefnum. Fjárfestingargeta þeirra nemur ellefu milljörðum króna og hafa sjóðirnir nokkur ár í viðbót til að fjárfesta.

Frumtak 2 fjárfesti í fjórum verkefnum, Arctic Trucks, Controlant, Activity Stream og Appollo X fyrir milljarð króna. Eyrir Sprotar fjárfesti í átta verkefnum, þeirra á meðal InfoMentor, ReMake og Saga Medica, auk þess að skuldbinda sig til fjárfestinga í tveimur verkefnum til viðbótar samkvæmt upplýsingum frá Erni Valdimarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins. Í árslok 2015 námu fjárfestingar Eyris Sprota alls um 1,7 millörðum króna auk veittra skuldbindinga upp á um 445 milljónir króna. Heildarstærð Eyris Sprota er 3,5 milljarðar króna.

Brunnur fjárfesti í ARK Technology og ATM Select fyrir 430 milljónir króna. Heildarstærð sjóðsins er fjórir milljarðar, en það er alltaf haldið eftir að minnsta kosti helmingi fjármagnsins til að fylgja eftir verkefnum, að sögn Sigurðar Arnljótssonar fjárfestingastjóra. Sjóðurinn fjárfestir sérstaklega í fyrirtækjum sem eru að selja vöru eða þjónustu á erlenda markaði.

Til stendur hjá sjóðunum að fjárfesta í fleiri fyrirtækjum á nýju ári. **– sg**



**Örn Valdimarsson, framkvæmdastjóri Eyris Sprota**

**» Í árslok 2015 námu fjárfestingar Eyris Sprota alls um 1,7 milljörðum króna auk veittra skuldbindinga upp á um 445 milljónir króna. Vaxtarsjóðir Eyris hafa fjárfestingargetu upp á ellefu milljarða króna.**



**Aflinn jókst um 35 prósent í tonnum talið hjá Síldarvinnslunni.**

# Aflaverðmætið jókst um 24% hjá Síldarvinnslunni

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti skipa Síldarvinnslunnar og dótturfélaga hennar jókst um 23,8 prósent á milli áranna 2014 og 2015 en aflinn jókst um 35 prósent í tonnum talið og ræður þar aflaaukning uppsjávarskipa langmestu, segir í tilkynningu.

Heildaraflaverðmætið var 8.523 milljónir króna á árinu 2014 en 10.548 milljónir króna á árinu 2015. Dótturfélög Síldarvinnslunnar eru Gullberg á Seyðisfirði sem gerir út togarann Gullver NS og Bergur-Huginn í Vestmannaeyjum sem gerir út togarana Bergey VE og Vestmannaey VE. **– sg**


## Húðsjúkdómar

Gísli Ingvarsson húðsjúkdómalæknir hefur opna móttöku á sama stað og áður í Lækningu Lágmúla 5



Símapantanir: 590 9200 kl 09 – 16 alla virka daga



## Hitablásarar



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa 6.890

20% afsláttur 7.112 Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa ~~8.890~~

Rafmagnshitablásari 2Kw 1.990

Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa 17.990

Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa 12.830

Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa 29.990

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Ótti ástæðulaus en rétt að vera á verði

**Tilfellum lekanda sem svarar illa hefðbundinni sýklalyfjameðferð fer fjölgandi beggja vegna Atlantsála. Fleiri lönd greina frá því sama. Vandans hefur ekki orðið vart á Íslandi en tilfellum kynsjúkdóma fer fjölgandi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta hringir ákveðnum viðvörunarbjöllum, og maður veit að þetta er til staðar. En það er fylgst vel með þessu hér og hvort lyfin eru að virka," segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, spurður um þær fréttir frá Bretlandi og Bandaríkjunum að fjölónæmur lekandi sé þar kominn til að vera og tilfellum fjölgi ár frá ári.

Landlæknir Bretlands mun hafa ritað læknum og lyfsölum bréf vegna þessa skömmu fyrir áramót, en samkvæmt frétt stórblaðsins Guardian um málið hvetur hann menn til að vera á varðbergi og gæta þess að meðhöndlun sjúkdómsins sé í samræmi við hvað er að eiga á hverjum tíma. Vandamál vegna ofnotkunar sýklalyfja er flestum kunn, en hérlendis hefur fjölónæmur lekandi ekki greinst til þessa. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hins vegar greint frá því að tilfelli hafi einnig komið upp í Noregi, Svíþjóð, Ástralíu og Frakklandi. Í umfjöllun Guardian er haft eftir landlækni Breta að hætt sé við að viss afbrigði lekanda geti orðið ill- eða óviðráðanlegur sjúkdómur.

Þórólfur segir alltaf spurningu um hvort og þá hvenær svona baktería skýtur upp kollinum hérlendis. „Það veit maður ekkert um en svona bakteríur, svona almennt séð, virða ekki landamæri ríkja. En á meðan þetta kemur ekki upp hér breytum við ekki okkar aðferðafræði."

Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítala, segir að lekandi hafi verið fátíður síðustu áratugina á Íslandi sem og sárasótt (sýfilis). Sýklalyfjameðferð sem notuð er á kynsjúkdómadeild Landspítala sé í samræmi við evrópskar leiðbeiningar.

Baldur Tumi segir að sárasótt hafi tekið stórt stökk upp á við 2014 og 2015 en virðist í rénun. Klamidía greinist í enn hærra hlutfalli af sjúklingum á kynsjúkdómadeild en áður og sé enn sem fyrr í sérflokki hvað varðar fjölda greindra tilfella.

Hann segir að það virðist nánast öruggt að ef einstaklingur stundar óvarið kynlíf og skiptir oft um bólfélaga þá fær hún eða hann klamidíu. Ef viðkomandi notar smokk er hún eða hann hins vegar örugg um að fá ekki þessa sjúkdóma.

„Ég mundi ráðleggja fólki að kaupa sér smokkapakka um leið og það setur Tinder í símann. Hver vill verða fyrstur á Íslandi að fá fjölónæman lekanda?" segir Baldur Tumi. **svavar@frettabladid.is**



**Smokkurinn er í dag, sem áður, skilvirkasta leiðin til að verjast lekanda og fleiri kynsjúkdómum.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Bakteríur, svona almennt séð, virða ekki landamæri ríkja. En á meðan þetta kemur ekki upp hér breytum við ekki okkar aðferðafræði.**



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

**Ég mundi ráðleggja fólki að kaupa sér smokkapakka um leið og það setur Tinder í símann.**



Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir á LSH

## Alvarlegur sjúkdómur

**Hvað er lekandi?**
Lekandi er kynsjúkdómur sem stafar af bakteríunni Neisseria gonorrhoeae, en bakterían tekur sér bólfestu í kynfærum, þvagrás, endaþarmi eða hálsi.

**Hvernig smitast lekandi?**
Smit á sér stað við samfarir. Smitun getur einnig átt sér stað við endaþarms- og munnmök.

**Hvernig get ég komið í veg fyrir smit?**
Smokkurinn er eina vörnin gegn smiti.

**Er lekandi hættulegur?**
Lekandi er alvarlegur sjúkdómur því hann getur valdið ófrjósemi eins og klamidía. Þetta á bæði við um konur og karla. Lekandi getur einnig valdið sýkingu og bólgu í liðum, augnsýkingum og í verstu tilvikum sýkingu í eggjaleiðurum og kviðarholi.

**Er til meðferð við lekanda?**
Notuð eru sýklalyf við lekanda. Margir stofnar lekandabakteríunnar eru ónæmir gegn ýmsum sýklalyfjum. Þess vegna er nauðsynlegt að taka sýni til ræktunar til að kanna næmi bakteríunnar fyrir sýklalyfjum svo hægt sé að tryggja að rétt sýklalyf hafi verið valið.




## Spennandi námskeið um efni Biblíunnar

byrjar **fimmtudaginn 14. janúar kl. 20,** og verður á sama tíma alla fimmtudaga í Boðunarkirkjunni, Álfaskeiði 115, Hafnarfirði. Húsið opnar kl. 19 og verður boðið upp á súpu og brauð.

Fyrirlesari verður Steinþór Þórðarson sem í áratugi hefur leiðbeint fólki að kynnast efni Biblíunnar. Fólki er boðið að spyrja og spjalla um einstök atriði er varða Biblíuna og boðskap hennar. Sérstök áhersla verður lögð á efni Opinberunarbókarinnar, sem boðar örlagaríka viðburði nútímans. Þetta verða athyglisverðar stundir sem allir hafa gagn og blessun af.

Biblíutextar og myndskýringar verða birtar með Powerpoint á veggnum, svo að allir geti fylgst vel með. **Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis.**

## NORÐURLÖNDIN




### Varnarsamningur við Dani

**1 DANMÖRK** Nýtt varnarsamkomulag milli Danmerkur og Svíþjóðar er í burðarliðnum. Í því felst að löndin geta á friðartímum skipst á upplýsingum og notað hafnir og flugvelli hvort annars. Kostirnir við að skiptast á upplýsingum eru sagðir vera þeir að þá hafi báðar þjóðir yfirsýn yfir það sem er að gerast á Eyrarsundssvæðinu. Áætlað er að skrifa undir samkomulagið á fimmtudag.



### Sælgæti bjargar landamæraverslun

**2 NOREGUR** Gengi norsku krónunnar hefur ekki verið lægra frá aldamótum og Norðmenn sjá sér ekki jafn mikinn hag og áður í því að skjótast yfir landamærin til að gera innkaup í Svíþjóð. Sælgæti í lausasölu er þó enn miklu ódýrara í Svíþjóð og binda Svíar vonir við að það bjargi landamæraversluninni. Hátt verð er líka enn á landbúnaðarvörum í Noregi vegna stuðnings við bændur.

### Beittar ofbeldi á tónleikum

**3 SVÍÞJÓÐ** Sænska lögreglan sætir nú gagnrýni fyrir að hafa ekki opinberlega greint frá kynferðislegu ofbeldi hópa ungra flóttamanna gegn ungum stúlkum tvö ár í röð á stærstu unglingahátíð Evrópu, We are Sthlm. Lögreglan sagði allt hafa farið tiltölulega friðsamlega fram. Dagens Nyheter greinir frá því að á minnisblöðum lögreglu sé greint frá ofbeldinu.

## Tímamótum fagnað



**Ungar japanskar konur í litríkum kimono-klæðum skemmta sér í rússíbana eftir nokkurs konar manndómsvígslu á „Fullorðinstímamótadeginum“ í Toshimaen skemmtigarðinum í Tókýó í Japan. Þennan dag fagna þeir sem náð hafa tvítugu, en í Japan er litið svo á að þá hefjist fullorðinsárin. Eftir tvítugt mega Japanar kjósa, kaupa áfengi og reykja.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Yngri læknar hafa meiri áhuga á heilsugæslunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Gunnlaugur Sigurjónsson heimilislæknir segir í nýjasta tölublaði Læknablaðsins að áhugi yngri lækna á heilsugæslunni hafi aukist en þó er þessi fjölgun heimilislækna innan við helmingur þess sem nauðsynlegt væri. Á tímabili var nýliðun í stétt heimilislækna afar lítil og telur Gunnlaugur það meðal annars vera vegna áhugaleysis stjórnvalda á heilsugæslunni og vegna aukins áhuga á hátæknilæknisfræði.

Gunnlaugur telur heilsugæsluna vera í vanda og segir að einungis sextán prósent lækna á Íslandi séu starfandi í heilsugæslunni en til samanburðar má geta þess að í OECD-löndunum er meðaltalið um þrjátíu prósent. Gunnlaugur segir að á meðan hlutfall heimilislækna á Íslandi sé svo lágt sé upplifun heimilislækna sú að geta ekki mætt þörfum skjólstæðinga sinna. Lausnin á þeim vandamálum sem þessu fylgja er að mati Gunnlaugs sú að sérhver Íslendingur þurfi að hafa heimilislækni, þá fyrst muni heilsugæslan geta gegnt sínu hlutverki. – þv

**16%**

**lækna starfa í heilsugæslunni hér á landi, sem er helmingi lægra hlutfall en innan ríkja OECD.**






# Minnisvarði



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Barack Obama Bandaríkjaforseti kynnti í síðustu viku áætlun sína um ný lög vegna kaupa á skotvopnum. Áætlunin snýr að ítarlegri bakgrunnsskoðun á kaupendum skotvopna, en forsetinn hyggst fara fram hjá þinginu til að ná sínu fram í þessum efnum.

Kynning Obama á áætluninni var tilfinningaþrungin. Á undan honum ávarpaði faðir fórnarlambs skotárásar í grunnskóla viðstadda og þegar Obama ræddi ástæður þessarar nýju lagasetningar komst hann við. Þó það nú væri. Obama hefur áður sagt að árangursleysi í baráttunni fyrir breyttri löggjöf um skotvopn í Bandaríkjunum sé það sem hafi valdið honum mestum vonbrigðum í forsetatíð hans. Ástæða þess að Obama hyggst sneiða fram hjá þinginu er sú að hann telur Bandaríkjaþingi hafa mistekist að bregðast við byssuvandanum. Hann hefur sannarlega lög að mæla.

Fréttir af dauðsföllum af völdum skotvopna í Bandaríkjunum eru daglegt brauð. Í seinni tíð hefur fréttum af fjöldamorðum á opinberum stöðum, til að mynda í skólum, þar sem skotvopn koma við sögu fjölgað gríðarlega. Árið 2012 voru 29,7 Bandaríkjamenn á hverja milljón íbúa skotnir til bana. Það er umtalsvert meira en í samanburðarlöndunum. Öll gögn benda til að árásum af þessu tagi sé að fjölga. Um er að ræða sérbandarískt fyrirbæri. Þrátt fyrir það hefur hvorki gengið né rekið þegar kemur að því að fækka tækifærum misbrjálaðra manna til að kaupa eða meðhöndla skotvopn.

Áætlun Obama felur í sér að allir vopnasalar þurfa að athuga bakgrunn á kaupenda. Þá verður undanþága sölu á netinu og byssusýningum afnumin. Þá þurfi einstök ríki að veita upplýsingar um fólk sem á við ákveðin geðvandamál að stríða og þá sem hafa framið alvarleg afbrot. Þar að auki mun alríkislögreglan, FBI, ráða 230 manns til að sjá um þessar bakgrunnsathuganir.

Ekki leið á löngu þar til hagsmunaaðilar vestanhafs risu upp á afturlappirnar og gagnrýndu aðgerðir forsetans. Forseti fulltrúadeildar þingsins, Paul Ryan, sagði sniðgöngu við þingið „grafa undan frelsi og lýðræði“ og að reynt verði á reglurnar fyrir dómstólum. Donald Trump forsetaframbjóðandi sagðist munu draga ákvörðunina til baka nái hann kjöri. Auk þeirra hafa stærstu baráttusamtökin fyrir byssueign Bandaríkjamanna, NRA, sagt að reglurnar muni engu breyta þegar kemur að fjöldamorðum í landinu.

Sumt er eins víst og að sólin kemur upp. Eitt af því er harmakvein hagsmunasamtaka þegar að þeim er vegið. Aðilar, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki, sem hafa beinan hag af því að eitthvað sé gert eða látið ógert munu ávallt beita áhrifum sínum þegar þeir eiga undir högg að sækja. Hvort sem það er í Bandaríkjunum, á Íslandi eða hvar sem er. Mest ítök hafa þeir sem berjast fyrir fjárhagslegum hagsmunum.

Einhvers staðar frá Columbine til Sandy Hook datt inn kornið sem fyllti mælinn hjá hinum almenna Bandaríkjamanni. Dæmin sýna að bann við ákveðnum tegundum vopna sem og harðar reglur um hver megi bera vopn virkar. Fari svo að hertar reglur um kaup á skotvopnum í Bandaríkjunum verði varanlegar er líklegt að það verði eitt af því sem standi upp úr í forsetatíð Obama. Hvað svo sem óskiljanlegum friðarverðlaunum líður.

> **Ekki leið á löngu þar til hagsmunaaðilar vestan hafs risu upp á afturlappirnar og gagnrýndu aðgerðir forsetans.**

**MYNDAALBÚM 200 VASAR**
**3 LITIR Í BOÐI**




Vildarverð:
999.-
Verð:
1.839.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON
Penninn Eymundsson
Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Vildarverð gildir 11. jan, til og með 17. jan. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Vilja halda formanninum**

**Nafn Katrínar Jakobsdóttur, formanns VG, hefur ítrekað verið nefnt í forsetastólinn og hún jafnan efst í skoðanakönnunum um næsta forseta. Vinstri græn virðast óttast þetta og keppast við að benda á aðra kandídata. Nú síðast lagði Stefán Pálsson það til á Stöð2 að ef fólk vildi fá vinstri grænan forseta þá væri Steingrímur Joð kjörinn í embættið. Vinstrimenn eru hræddir við að missa Katrínu því þá grunar það sem við hin vitum. Fylgi flokksins stendur og fellur með henni.**

**Staðreyndin er sú að mun fleiri vilja sjá Katrínu sem forseta en geta hugsað sér að kjósa VG. Og miðað við hvernig embættið hefur þróast í tíð Ólafs Ragnars má ætla að Katrín geti haft mun meiri áhrif sem forseti en sem formaður flokks sem er fastur í sömu hjólförunum.**

**Hakkar útgerðarmenn í sig**

**Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra heldur áfram að standa með ákvörðun sinni um að taka þátt í viðskiptabanni gegn Rússum þrátt fyrir mikinn þrýsting samráðherra, þingmanna og hagsmunaafla. Í gær birti ráðuneytið svar í þrettán liðum við rangfærslum formanns útgerðarmanna á RÚV um helgina. Allt skýrt og skorinort. Þetta heitir að setja embætti sitt að veði.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Ólafur Thors vildi efla almannatryggingar, Bjarni halda þeim niðri



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar FEB

Þegar ríkisstjórn Alþýðuflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Sósíalistaflokksins setti lög um almannatryggingar 1946, var Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra. Hann lýsti því þá yfir, að almannatryggingar á Íslandi ættu að vera í fremstu röð slíkra trygginga í Evrópu og allir á Íslandi ættu að njóta þeirra án tillits til stéttar eða efnahags. Fyrst eftir lagasetninguna voru almannatryggingar á Íslandi í fremstu röð en síðan drógust þær aftur úr og í dag standa almannatryggingar á Íslandi langt að baki slíkum tryggingum á Norðurlöndum og í Bretlandi. Grunnlífeyrir á Íslandi er aðeins þriðjungur slíks lífeyris í grannlöndum okkar.

Ólafur Thors vildi efla almannatryggingar hér. Bjarni Benediktsson vill halda þeim niðri. Það eru alger öfugmæli, þegar Bjarni Benediktsson segir, að núverandi ríkisstjórn sé að auka lífeyri aldraðra og öryrkja meira en nokkru sinni áður á lýðveldistímanum. Ríkisstjórnin er ekki að efla almannatryggingar hér neitt. Hún heldur ekki einu sinni í horfinu. Laun hækkuðu hér um 14-20% á árinu 2015. Launin hækkuðu frá 1. maí 2015. Lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkar ekkert í átta mánuði og aðeins um 9,7% frá 1. janúar 2016. Lífeyrir hækkar miklu minna en laun og átta mánuðum seinna en laun. Það er því verið að brjóta lagaákvæði um að lífeyrir eigi að hækka í samræmi við launaþróun og það er verið að hlunnfara lífeyrisþega með því að draga þá á hækkun í átta mánuði.

Almannatryggingar voru efldar meira 1946 en nú. Og lífeyrir hækkaði um tæp 20% í ráðherratíð Jóhönnu Sigurðardóttur um áramótin 2008/2009. Viðreisnarstjórnin stórefldi einnig almannatryggingar. Það stenst því engan veginn, að ríkisstjórnin sé nú að gera betur en áður. Það er þveröfugt. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur stóð sig einnig betur á krepputímanum gagnvart lífeyrisþegum, þar eð lífeyrir þeirra sem voru á strípuðum bótum var þá ekkert skertur. Hann hélst óbreyttur þó aðrar bætur lækkuðu. Þeir Sigmundur Davíð og Bjarni Ben. eru ekki að bæta kjör lífeyrisþega. Þeir eru að níðast á þeim.

> **Ríkisstjórnin er ekki að efla almannatryggingar hér neitt. Hún heldur ekki einu sinni í horfinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Einhæfni auðlinda og virðiskeðjan



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Nýverið birtist frétt um að þrátt fyrir uppgang væri brottflutningur fólks meiri en aðflutningur. Það sem þó vakti ekki síður athygli var að lunginn af brottfluttum var ungt menntað fólk. Síðar komu tölur um að atvinnuleysi hjá háskólamenntuðum færi vaxandi. Þetta eru slæm tíðindi. Nú er því ekki til að dreifa að almennt atvinnuástand sé bágborið. Hér er næg almenn atvinna og þúsundir lítt menntaðra útlendinga á leiðinni. Afkoma fólks fer batnandi. Brottflutningur menntaðs fólks er vegna skorts á sérhæfðum atvinnutækifærum, sem á mikið skylt við óþroskað, einhæft hagkerfi. Auðlindahagkerfi eru í eðli sínu einhæf. Hvorki landbúnaður né sjávarútvegur hafa mikla þörf fyrir fjölmenntað fólk.

**Stóriðja átti að auka fjölbreytni**

Við fórum af stað með stóriðju til að auka fjölbreytni í efnahagslífi landsins. Hagkerfið var staðnað. Þetta voru rétt skref í upphafi. Síðan var uppbygging stóriðju meginþungi í efnahagsstefnu landsins. Nýr einhæfur auðlindaatvinnuvegur varð til. Okkur mistókst að byggja upp úrvinnsluiðnað og skapandi störf tengd stóriðjunni sem juku verðmætasköpunina og skildu stærri hluta virðisaukans eftir í landinu.

Nánast allur virðisauki stóriðjunnar verður til erlendis. Hér verða aðeins eftir beinar launagreiðslur, smávægilegir skattar og greiðsla fyrir orku, sem fram til þessa hefur ekki íþyngt rekstri stóriðjuveranna. Þessar greiðslur eru aðeins lítið brot af virði endanlegrar vöru. Virðismyndunin hérlendis verður þar að auki enn rýrari fyrir þá sök að sami aðili stýrir allri virðiskeðjunni og hefur það því nokkurn veginn í hendi sér, hvar virðisaukinn verður til. Þá rýrnar hann enn þar sem við fórnum íslenskri náttúru. Auðlindaafurðir eru óstöðugustu afurðir á mörkuðum. Gleymum því heldur ekki að ungt fólk með fjölhæfa menntun er ekki á launaskrá stóriðjuvera.

**Virðisaukinn**

Auður þjóða myndast þegar þeim tekst að halda hjá sér eða draga til sín arðbærustu hlekkina í framleiðslukeðjunni. Þar liggur mestur virðisaukinn. Þessir þættir framleiðslukeðjunnar eru t.d. hugmyndavinnan, hönnun vörunnar, dreifing og að lokum salan. Frumframleiðsla er ekki sérlega arðbær atvinnugrein, ekki einu sinni í olíu. Hugmynda- og þróunarvinnan, dreifingin og kannski ekki hvað síst margumtöluð vörumerki, mynda stærstan hluta virðiskeðjunnar í nútíma atvinnurekstri. Þar greiðast hæstu launin, mestur arðurinn og hæstu skattarnir. Af hverju skyldu bæði frystihús og sláturhús vera staðir, þar sem Íslendingar bíða ekki í röðum eftir að fá vinnu? Engin þjóð þroskast atvinnulega séð á því að leggja höfuðáherslu á að búa til nóg af almennum láglaunastörfum. Það er leið langtíma stöðnunar.

Íslenska ríkið hefur allt frá upphafi fullveldisins verið afgerandi afl á sviði atvinnumála. Einkum hefur þetta gilt gagnvart auðlindaatvinnuvegunum, landbúnaði, sjávarútvegi og síðar stóriðju. Því miður hafa þessi afskipti ríkisvaldsins einkum fest í sessi haggerð, sem til lengdar örvar hvorki hagvöxt né nýsköpun. Tiltölulega einhæf nýting auðlinda er sett í forgang, því það er auðveldara og atkvæðavænlegra. Þroskað hagkerfi byggir á hugviti, verkkunnáttu, áræðni og margvíslegri þekkingu. Þaðan kemur mestur virðisaukinn.

**Gjaldmiðilinn**

Ekki má gleyma garminum honum Katli, þegar rætt er um fráhrindandi aðstæður fyrir ungt menntað fólk til að setjast að á Íslandi. Þar á ég við íslensku krónuna, sem fengið hefur þá heiðursnafnbót frá forsætisráðherra að vera sterkasti gjaldmiðill í heimi. Það er ekkert sérstakt afreksverk að gjaldmiðill sem býr við ströng gjaldeyrishöft og er hvergi nothæfur utan eigin lands, haldist þokkalega stöðugur. Til þess eru höftin. Þrátt fyrir þessa algjöru einangrun og vernd þarf krónan háa vexti svo hún geti staðið undir því verkefni, að halda verðbólgu í skefjum. Gjaldeyrishöftin koma heldur ekki í veg fyrir að mörg mismunandi gengi eru á krónunni. Innflutnings- og ferðamannagengi, útboðsgengi seðlabankans og síðan er verðtryggða útgáfa hennar. Sem mælieining er hún skökk, óstöðug og misvísandi.

Sennilega hefur enginn einn hluti íslenska hagkerfisins „féflett“ Íslendinga meir í gegnum árin en krónan. Það er hún sem gerir ungu fólki erfitt með að búa hér, þótt það hafi vinnu. Hún er svo dýntótt og dýr, hvort sem hún er óverðtryggð eða verðtryggð. Hún gengur af öllum húsnæðiskerfum dauðum. Ef við viljum fá ungt menntað fólk til að setjast að hérlendis þurfum við að breyta um opinbera atvinnustefnu, hætta fjáraustri í auðlindaatvinnuvegi og finna lausn á gjaldmiðilsmálum okkar.

> **Það er ekkert sérstakt afreksverk að gjaldmiðill sem býr við ströng gjaldeyrishöft og er hvergi nothæfur utan eigin lands, haldist þokkalega stöðugur. Til þess eru höftin. Þrátt fyrir þessa algjöru einangrun og vernd þarf krónan háa vexti svo hún geti staðið undir því verkefni, að halda verðbólgu í skefjum.**






# Réttindi fullkomna fólksins



**Bergur Þorri Benjamínsson**
varaformaður Sjálfsbjargar og situr einnig í stjórn ÖBÍ

Nýlega hélt Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, því fram að það sé ódýrara að vera öryrki en heilbrigður. Ég trúði ekki mínum eigin eyrum. Stundum held ég að margir Íslendingar trúi því að fatlað fólk fari ekki út úr húsi. Það er mikill misskilningur. Fatlað fólk heimsækir fjölskyldu sína og vini, margir vinna einhverja vinnu (hlutastörf og sumir jafnvel fulla vinnu), eignast börn (já, fatlaðir hafa líka kynhvöt), kaupir lyf, föt, hjálpartæki, fer í sjúkraþjálfun, fer í sund, nýtur útivistar (og þarf þá oft sérhannaðan búnað til þess sem er ekki ódýr), fer t.d. á skíði með ýmsum skemmtilegum útbúnaði, og svo mætti lengi telja. Því fatlað fólk er líka fólk!

Fólk með fötlun á sér drauma. Það vill lifa innihaldsríku lífi, rétt eins og allir aðrir. Fólk með fötlun hefur líka metnað. Þau vilja búa vel að börnum sínum. Þau langar til að ferðast (þó að hér á Íslandi í dreifbýlinu séu stundum ekki einu sinni til ökutæki til að koma þeim á milli húsa). Fólk með fötlun langar ekki að lepja dauðann úr skel! Það langar ekki að hanga heima hjá sér og éta hafragraut. Hvenær ætlar fólk að skilja að fólk með fötlun er manneskjur? Manneskjur með sömu drauma, vonir og væntingar og allir aðrir. Manneskjur sem borga skatt! Manneskjur sem eiga að hafa sama rétt og annað fólk!

Mannréttindi heita nákvæmlega það: MANNréttindi. Ekki réttindi heilbrigða fólksins, réttindi fullkomna fólksins, réttindi fallega fólksins, réttindi hvíta fólksins, réttindi hávaxna fólksins… heldur einfaldlega MANNRÉTTINDI!

**Eiga sama rétt og aðrir**

Manneskjur með fötlun eiga sama rétt og aðrar manneskjur. Þær eiga rétt á að geta búið sér og sínum mannsæmandi líf. Þær eiga að geta komist um í samfélaginu eins og allir aðrir. Heimsótt fjölskyldu og vini, farið út í búð, farið í sund, rölt/rúllað um verslunargötur sinnar heimabyggðar. Þetta er bara spurning um gæði á hönnun. Þeir sem geta ekki hannað eftir algildri hönnun eru einfaldlega ekki nógu góðir hönnuðir!

Fólk með fötlun vill geta notið sömu þjónustu og aðrir, enda hefur það, líkt og allir aðrir, tekið þátt í að greiða fyrir þá þjónustu með sköttum sínum og útsvari. Fólk með fötlun vill geta búið í húsnæði sem hentar. Fyrir suma fatlaða er það stúdíóíbúð en fyrir aðra er það kannski íbúð eða hús með 5 svefnherbergjum, einu herbergi fyrir hvert barn ásamt hjónaherbergi.

Af hverju virðast flestar sérútbúnar íbúðir fyrir fatlaða bara vera með tveimur svefnherbergjum? Halda kannski sumir að fatlaðir búi yfirleitt með umsjónarmanni eða eignist bara eitt barn?

**Íslenska þjóðin á langt í land þegar kemur að mannréttindum fatlaðs fólks. Fyrsta skrefið væri að fullgilda sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnframt að hækka lífeyri svo hægt sé að lifa á honum.**

Eru fordómar á Íslandi gagnvart fötlun? Samrýmist fötlun ekki hugmyndum fólks um Íslendinga? Best í heimi, sterkust, fallegust, valkyrjur, víkingar? Íslendingar með fötlun eru líka Íslendingar og vilja vera partur af íslensku samfélagi. Þeir vilja ekki lifa í aðskildu samfélagi! Þeir eru Íslendingar sem vilja ferðast með almennum aðgengilegum samgöngum, en ekki bara sérferðaþjónustukerfi – ferðaþjónustu fatlaðra. Þau vilja geta farið út að borða. Vilja búa meðal fólksins í landinu en ekki vera hrúgað inn á sambýli, íbúakjarna eða jafnvel stofnanir til að lepja dauðann úr skel. Vilja stjórna sínu lífi, ráða sína aðstoðarmenn og ráða því hverjir hjálpa þeim í og úr fötunum.

Þau eru Íslendingar sem vilja komast í sund, geta notið náttúrunnar, farið á bókasöfn, geta menntað sig, fengið vinnu með möguleikanum á að vinna sig upp í starfi ef vel gengur.

Fatlaðir hafa drauma! Martin Luther King átti sér drauma um að fólk, hvort sem það er svart eða hvítt, geti átt sömu tækifæri og sömu réttindi. Fólk með fötlun á sér þann draum að fatlaðir og hraustir geti átt sömu réttindi og tækifæri og þú.

Íslenska þjóðin á langt í land þegar kemur að mannréttindum fatlaðs fólks. Fyrsta skrefið væri að fullgilda sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnframt að hækka lífeyri svo hægt sé að lifa á honum, því eins góður og sáttmálinn er þá er ekki hægt að borða hann. Er ekki kominn tími til?

# Að skjóta sig í fótinn



**Vilhelm G. Kristinsson**
fv. útvarpsmaður

Æ fleiri stjórnmálamenn í Evrópu eru að verða þeirrar skoðunar að efnahagsþvinganir gegn Rússum séu tilgangslausar og valdi mestu tjóni í þeim ríkjum sem beita þeim. Þá kvartar atvinnulífið sáran. Gríðarlegur samdráttur í útflutningi ríkja ESB til Rússlands hefur valdið fyrirtækjum í Evrópu þungum búsifjum og aukið atvinnuleysi.

Margt bendir til þess að jafnvel þó svo að þvingunum yrði aflétt, myndu markaðir í Rússlandi ekki vinnast á ný nema að hluta. Rússar hafa brugðist við með víðtækum ráðstöfunum innanlands sem og stóraukinni efnahags- og viðskiptasamvinnu við ríki í austri. Viðbrögð Rússa á alþjóðlegum vettvangi eru þess eðlis að þau gætu minnkað til muna áhrif vestrænna ríkja á efnahags- og stjórnmálasviði heims í náinni framtíð.

Í kjölfar þvingana hófu rússnesk stjórnvöld stórfellt átak til að auka heimaframleiðslu, jafnt í landbúnaði, sjávarútvegi, hefðbundnum iðnaði, hátækniiðnaði sem og í ferðaþjónustu.

Þetta ferli mun taka sinn tíma, en sagan sýnir að þrautseigja Rússa er mikil. Þrýstingur og aðgerðir frá útlöndum auka samstöðu þeirra. Þannig hafa þvinganirnar stappað í þá stálinu og að auki vakið upp gamalgróna tortryggni í garð Vesturlanda. Mótlætið hefur þjappað Rússum að baki forseta sínum, sem samkvæmt könnunum nýtur nú sennilega meira trausts og vinsælda en nokkur dæmi eru um.

**Þekktir stríðsæsingamenn**

Allt hófst þetta með óeirðunum í Kænugarði fyrir um tveimur árum og atburðunum sem fylgdu í kjölfarið. Sífellt fleira kemur fram í dagsljósið sem styður þá kenningu, að Maidan-uppreisnin hafi verið skipulögð með stuðningi og jafnvel frumkvæði frá Vesturlöndum, einkum Bandaríkjunum. Á sviðinu í Kænugarði voru þekktir stríðsæsingamenn úr röðum bandarískra þingmanna áberandi.

Eftir að þjóðkjörinn forseti Úkraínu hafði verið hrakinn úr landi lýstu íbúar austurhéraðanna og Krímskaga yfir því, að þeir sættu sig ekki við atburðarásina. Yfirgnæfandi meirihluti Krímverja, sem langflestir eru af rússnesku bergi brotnir, kaus að sameinast Rússlandi. Skaginn hafði áður tilheyrt Rússlandi, en var settur undir Úkraínu í tíð Khrushchevs og Sovétríkjanna með umdeildum gjörningi. Það reynist Krímverjum og rússneskum almenningi torskilið hvers vegna „lýðræðisþjóðirnar“ í vestri kjósa að hunsa eindreginn vilja íbúanna og sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Íbúar Donbass hófu síðan skipulagt andóf gegn nýrri stjórn í Kiev og kröfðust aukinnar sjálfsstjórnar. Þessir atburðir og meint aðild Rússa að átökunum í Donbass eru meginástæður efnahagsþvingananna. Engar óyggjandi sannanir hafa verið færðar fyrir því síðastnefnda og Rússar hafa ávallt þvertekið fyrir að eiga beina aðild að átökunum. Þá er umhugsunarverð tregða Kievstjórnarinnar til þess að virða friðarsamkomulagið sem kennt er við Minsk.

**Víðtæk og gróf spilling**

En hvað hefur áunnist í Úkraínu? Í Maidan-byltingunni sögðu forvígismenn hennar að allir helstu samstarfsmenn Yanukovych, fyrrum forseta, yrðu sóttir til saka fyrir spillingu. Ekkert hefur orðið af því og ástæðan talin sú, að slíkur málarekstur myndi svipta hulunni af víðtækri og grófri spillingu núverandi valdhafa. Eitt af þeim skilyrðum sem Vesturlönd settu fyrir stuðningi við Úkraínu var að unnið yrði á spillingu. Enginn árangur hefur náðst og hefur ESB lýst yfir vonbrigðum sínum með það. Þvert á móti bendir ýmislegt til þess að spillingin sé mun meiri nú en nokkru sinni fyrr í dapurlegri sögu Úkraínu. Þá hefur öfgafullum þjóðernissinnum vaxið mjög ásmegin í sumum héruðum landsins svo til vandræða horfir.

Að auki hafa valdhafarnir í Kiev skorið á hverja slagæðina á fætur annarri í atvinnu- og efnahagslífi ríkisins með þeim árangri að óðaverðbólga geisar, þjóðarframleiðsla og afkoma er á pari við það sem verst gerist í fátækustu ríkjum Afríku, gjaldmiðillinn er ónýtur og atvinnuleysi og almenn örbirgð í örum vexti. Úkraína riðar nú á barmi gjaldþrots og ekkert í sjónmáli sem bent getur til að betri tíð sé í vændum. Spurningin er sú, hvort Evrópusambandið muni koma landinu til bjargar og hvað evrópskir skattgreiðendur segi við því.

Utanríkisráðherra Íslands fór a.m.k. í tvígang til Úkraínu til að hneigja sig fyrir nýjum valdhöfum (valdaræningjum?) og færa þeim blóm. Í kjölfarið fylgdi svo stuðningur við refsiaðgerðir gegn Rússum. Árangurinn kemur brátt ljós þegar uppsjávarvertíðin hefst hér við land. Á sama tíma vex þeim skoðunum fylgi meðal evrópskra stjórnmálamanna að aðgerðirnar hafi verið mistök. Stundum er talað um að menn skjóti sig í fótinn.



# Skipta vinnubrögð máli?



**Brynhildur Pétursdóttir**
þingkona Bjartrar framtíðar

Það veldur mér nokkrum áhyggjum að fólk, sem ég veit að hefur áhuga á samfélaginu, viðurkenni opinberlega að það hreinlega sofni þegar vinnubrögðin á Alþingi eru rædd. Ég viðurkenni að umræðuefnið er kannski ekki beinlínis æsispennandi en það er mikilvægt. Ef vinnulagið, verklagið, skipulagið eða hvað við viljum kalla það er ekki faglegt á Alþingi getur það beinlínis bitnað á þjóðinni.

Ég gef mér að Sif Sigmarsdóttir sé m.a. að vísa til mín í pistli sínum í Fréttablaðinu 9. jan. þegar hún segir að Björt framtíð hafi verið upptekin af vinnubrögðunum á þingi. Ég hef nefnilega af og til rætt þessar áhyggjur mínar tvær mínútur í senn undir liðnum „störf þingsins“. Við sem höfum léð máls á þessu erum ekki að tala um hvað sé í matinn í mötuneytinu, hvernig mæting sé á nefndarfundi, hver sé í námi eða hvort einhver mæti bindislaus eða í gallabuxum. Þetta eru mál sem fjölmiðlar eru uppteknari af en við þingmenn.

**Það sem ég upplifi eftir hátt í þrjú ár á þingi, og eftir að hafa áður unnið á nokkrum „venjulegum“ vinnustöðum, er að skipulagsleysið sem viðgengst á Alþingi beinlínis bitnar á því mikilvæga starfi sem okkur er ætlað að sinna.**

Það sem ég upplifi eftir hátt í þrjú ár á þingi, og eftir að hafa áður unnið á nokkrum „venjulegum“ vinnustöðum, er að skipulagsleysið sem viðgengst á Alþingi beinlínis bitnar á því mikilvæga starfi sem okkur er ætlað að sinna. Við sóum of oft tíma og kröftum ekki síst vegna þess að afar lítið er hægt að skipuleggja fram í tímann. Miðað við það sem ég hef kynnt mér skerum við okkur mjög frá þjóðþingum hinna norrænu ríkjanna hvað þetta varðar.

**Hefur áhrif á alla þjóðina**

Það eru margar ástæður fyrir þessari furðulegu menningu sem of langt mál er að rekja hér. En þetta þarf að laga því við vitum að líkurnar á góðri niðurstöðu aukast til muna ef vandað er til verka í upphafi. Það gildir um lagasetningu eins og allt annað. Ég hef t.d. verið sérstaklega gagnrýnin á vinnulagið í kringum fjárlögin og þar er nú ekkert smá mál á ferð. Það hefur áhrif á alla þjóðina með einum eða öðrum hætti. Það er því ekki í neinum hálfkæringi eða af léttúð sem ég og fleiri höfum gagnrýnt hvernig þingstörfin ganga fyrir sig.

Í pistli sínum heldur Sif því fram að fólki standi á sama um það hvort mál komi komi seint eða snemma inn í þingið en því standi ekki á sama um mál eins og húsnæðismál, gjaldeyrishöft og menntamál. Staðan er þannig að ef þingið á að ræða mikilvæg mál sem varða almenning þá verða frumvörpin að koma inn í þingið og helst í tíma. Með öðrum orðum, ráðherrar verða að leggja málin fram annars er ekkert að ræða. Þingið virkar ekki þannig að þingmenn rífi upp í ræðustól eftir því sem þeim hentar og tali um það sem þeim sýnist. Almenningur hefur því einmitt ríka hagsmuni af því að mál komi tímanlega inn í þingið enda óþolandi að þau séu unnin með hraði undir tímapressu. Það getur leitt til verri niðurstöðu og það eigum við ekki að sætta okkur við.

Ég hvet fjölmiðla til að sýna sjálfum þingstörfunum meiri áhuga og vera gagnrýnir á þau. Það er ekki einkamál þingmanna hvernig Alþingi vinnur og þjóðin á rétt á því að þeir tæplega þrír milljarðar sem Alþingi fær á fjárlögum nýtist sem best. Ég er alltaf til í þessa umræðu við alla sem hafa áhuga og treysti mér algerlega til að gera það án þess að svæfa nokkurn mann.

# VILTU KOMAST Á EM Í HANDBOLTA MEÐ ÓB.IS?

**Taktu þátt í einföldum leik á ób.is. Þann 13. janúar drögum við út tvo heppna þátttakendur sem vinna ferð á fyrstu tvo leiki Íslendinga í Póllandi.***








**2x** ferð á EM í Póllandi

**50x** gulllyklar sem gefa 20 kr. afslátt í 10 skipti

**15 kr.** afsláttur í eitt skipti fyrir alla lykilhafa sem giska rétt

*Innifalið er flug með Icelandair fram og til baka, gisting í tvær nætur, morgunverður, ferðir til og frá flugvelli, ferðir til og frá leikvangi og miðar á 4 leiki sem fara fram dagana 15. janúar og 17. janúar (þar af 2 fyrstu leiki Íslands, við Noreg og Hvíta-Rússland). Nánari upplýsingar á Icelandair.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 156194

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT




Kristínu Guðmundsdóttur finnst Arnór Atlason hafa dalað og yngri menn eigi að fá sénsinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þeir yngri þurfa að fá tækifæri

Strákarnir okkar hefja leik á EM á föstudaginn en undirbúningi lauk formlega á sunnudaginn. Enn á eftir að skera niður um einn leikmann. Fréttablaðið leitaði til þriggja sérfræðinga til að fara yfir stöðuna.

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska handboltalandsliðinu hefja leik á Evrópumótinu í Póllandi á föstudaginn þegar þeir mæta sterku liði Noregs klukkan 17.15. Undirbúningi fyrir mótið lauk formlega á sunnudaginn þegar íslensku strákarnir svöruðu fyrir tap laugardagsins með þriggja marka sigri á lærisveinum Dags Sigurðssonar í þýska landsliðinu.

Enn eru nokkur spurningamerki í kringum liðið, en Aron Kristjánsson hefur verið að prófa sig áfram í varnarleiknum, verið að fikra sig áfram með eina skiptingu og reynt að gefa fleiri mönnum tækifæri. Fréttablaðið leitaði til þriggja sérfræðinga til að taka stöðuna á liðinu nú þremur dögum fyrir fyrsta leik.

Þetta eru Guðlaugur Arnarsson, þjálfari Fram í Olís-deild karla, Kristín Guðmundsdóttir, stórskytta Vals í Olís-deild kvenna, og Gunnar Andrésson, fyrrverandi landsliðsmaður og þjálfari nýliða Gróttu í Olís-deild karla.

**Lélegir gegn Portúgal**

„Það hefur verið stígandi í þessu eftir fyrsta leikinn gegn Portúgal,“ segir Guðlaugur. „Við sáum það í leikjunum um helgina að vörnin er að þéttast og hreyfingarnar eru öruggari. Það mikilvægasta í þessu er að loka vörninni og fá upp markvörslu.“

Ísland með fullmannað lið tapaði óvænt fyrir Portúgal með fjórum mörkum en þegar minni spámenn fengu að spreyta sig daginn eftir hafði Ísland sigur. „Seinni leikurinn gaf okkur mikið þar sem Rúnar Kárason og Ólafur Guðmundsson komu til dæmis sterkir inn og þeir gerðu það aftur um helgina,“ segir Guðlaugur, en Kristín hafði engan húmor fyrir tapinu gegn Portúgal.

„Ég held að þetta eigi eftir að verða fínt hjá strákunum á EM þegar stóru póstarnir í liðinu fara að taka þetta alvarlega og reyna aðeins meira á sig. Mér fannst lykilmenn geta reynt aðeins meira á sig gegn Portúgal. Það var allavega mín upplifun. Það var eins og þessi leikur skipti ekki máli. Við erum með svo rosalega góða leikmenn en þeir voru sumir hverjir bara lélegir á móti Portúgal,“ segir Kristín.

Varnarleikurinn hefur verið mikill höfuðverkur fyrir Aron Kristjánsson í undirbúningi EM og ekki hjálpar til að Bjarki Már Gunnarsson, sem hefur undanfarin misseri stimplað sig rækilega inn í landsliðið, hefur verið meiddur og er í litlu sem engu leikformi.

„Spurningamerkin eru í varnarleiknum,“ segir Gunnar Andrésson. „Ég persónulega hef minni áhyggjur af sóknarleiknum en í heildina horfir þetta þokkalega við mér. Það er ekki skrítið að Aron hafi prófað svona margar uppstillingar í varnarleiknum um helgina því hann er líklega ekki alveg viss um hver hans sterkasta uppstilling er.“

Eins og alltaf er bent á vörn og markvörslu sem lykilþætti: „Ef við náum að vera þéttir í varnarleiknum og fá smá markvörslu getur þetta orðið gott mót. En við þurfum að halda úti gæðum í vörninni allan leikinn og ekki vera að skipta tveimur á milli varnar og sóknar í 60 mínútur. Ef við komumst hjá því getum við staðið í hvaða liði sem er og hreinlega unnið alla,“ segir Gunnar.

Arnór Atlason stýrði sóknarleik íslenska liðsins á móti Þýskalandi í sigurleiknum og gerði það vel. Hann skilaði líka nokkrum mörkum og gefur Aroni kannski enn einn jákvæðan hausverkinn þegar kemur að því að velja á milli hans og Snorra Steins.

„Arnór er beinskeyttari leikmaður en Snorri er meiri spilari og góður að leggja upp leikinn. Það er meiri skotógn af Arnóri í dag og mér fannst hann líka vilja bíta frá sér í þessum seinni leik gegn Þýskalandi,“ segir Guðlaugur.

Yngri menn eru einnig á barmi liðsins og að gera sig meira gildandi en Kristín vill sjá þá fá fleiri og stærri tækifæri. „Við eigum svo marga ógeðslega góða unga stráka sem verða að fá tækifæri,“ segir Kristín.

„Munurinn á karlaliðinu og kvennaliðinu er að þarna eru að koma upp öflugir strákar og þeir hafa meira sjálfstraust en stelpurnar á þessum yngri árum. Þeir eru tilbúnir í þetta,“ segir Kristín Guðmundsdóttir. tomas@365.is

## Guðmundur Hólmar framtíðin

Guðlaugur Arnarsson er virkilega ánægður með innkomu Guðmundar Hólmars Helgasonar í landsliðið.

„Það er virkilega gaman að sjá þróunina hjá Guðmundi. Ég sé hann fyrir mér sem lykilmann í varnarleiknum á næstu árum. Mér finnst hann vera búinn að spila sig inn í lokahópinn. Hann er líkamlega sterkur, klókur, skynsamur og það er frábært að sjá hann og Bjarka vinna saman,“ segir Guðlaugur. „Ef Bjarki Már Gunnarsson er klár verður það Tandri sem verður frá að hverfa að þessu sinni. Mér fannst Guðmundur Hólmar einfaldlega ná að grípa þetta tækifæri og því held ég að hann fari örugglega með,“ segir Guðlaugur.



## Eiga fast sæti í liðinu

Kristín Guðmundsdóttir kallar eftir því að yngri menn fái frekari tækifæri en henni virðist sem lykilmenn séu með áskrift að sæti sínu. „Við verðum að gefa þessum yngri séns. Ef Aron spilar áfram svona á liðinu eftir að ganga ágætlega á EM. Mér finnst sumir þarna eiga fast sæti í liðinu. Arnór finnst mér til dæmis ekki hafa verið góður undanfarið. Hann hefur líklega verið meiddur. Hann og Snorri mega hvíla aðeins því við eigum svo ógeðslega góða gaura sem eru tilbúnir að koma inn,“ segir Kristín.

Hún segist ekki skilja hvað liðið er að gera með þrjá línumenn. „Ég kynntist Kára aðeins í Val. Þetta er mikil týpa og sterkur karakter. Það er ótrúlega mikilvægt að hafa svona mann í svona hópi. Ég skil vel að þjálfarar fórni einu sæti fyrir einhvern ungan til að taka svona mann með.“



## Ekki vanmeta Noreg

Gunnar Andrésson telur íslenska liðið geta gert vel á EM ef varnarleikurinn heldur þar sem sóknarleikurinn er góður. Hann segir að ekki verði keyrt á mörgum eins og um helgina.

„Þetta er Evrópukeppni þar sem allir leikirnir eru erfiðir. Það er enginn andstæðingur sem þú mætir þar sem þú getur bara verið að finna taktinn. Fyrsti leikurinn gegn Noregi verður til dæmis mjög erfiður. Þó sagan hafi verið með okkur gegn þeim undanfarin ár eru Norðmenn með lið sem getur komið á óvart á þessu móti,“ segir Gunnar. Hann er sammála Guðlaugi að líklega verði það Tandri Már Konráðsson sem þurfi að taka flugvélina heim.

„Aron er með Kára, Bjarka og Vigni, þetta eru þrír línumenn. Maður veit ekki stöðuna alveg á Bjarka Má en valið stendur á milli hans og Tandra,“ segir Gunnar.



## Nýjast

**Bikarkeppni KKÍ, 8-liða úrslit**

**KR - Njarðvík 90-74**
**KR:** Michael Craion 26, Brynjar Þór Björnsson 16, Þórir Þorbjarnarson 11, Ægir Stein. 9.
**Njarðvík:** Haukur H. Pálsson 27, Oddur Kristjánsson 19, Ólafur Jónsson 15.

**Skallag. - Grindavík 96-105**
**Skallagrímur:** Sigtryggur Björnsson 23, Jean Cadet 22, Arnar S. Bjarnason 18.
**Grindavík:** Charles Garcia 27, Þorleifur Ólafsson 17, Jón Guðmundsson 14.

**Þór Þ. - Haukar 79-74**
**Þór:** Vance Hall 27, Halldór Hermannsson 17, Ragnar Nathanaelsson 16.
**Haukar:** Brandon Mobley 28, Haukur Óskarsson 16, Finnur Magnússon 9.

### FH GERÐI GAGNTILBOÐ

Það gæti ráðist á næstu dögum hvort Emil Pálsson fer til portúgalska félagsins Belenenses í láni frá Íslandsmeisturum FH.
Eins og greint var frá um helgina hefur portúgalska liðið áhuga á að fá Emil að láni með þeim möguleika á að kaupa hann síðar.
Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri FH, segir að málið sé enn á frumstigi en að félagið hafi sent Belenenses gagntilboð.
„Það er of snemmt að segja hvort félögin muni ná saman en ég held að þetta muni gerast hratt ef af þessu verður. Það verður bara að koma í ljós hvort það gerist,“ sagði Birgir í samtali við Vísi í gær.
Emil Pálsson var valinn besti leikmaður Pepsi-deildar karla en hann var frábær í sumar, fyrst sem lánsmaður hjá Fjölni og svo FH í síðari hluta mótsins. Hann skoraði eitt mark í níu leikjum með Fjölni og svo sex mörk í tólf leikjum með FH.

### MESSI OG LLOYD BEST

Lionel Messi og Carli Lloyd voru í gær valin bestu knattspyrnumenn heims árið 2015 og fengu hinn virta Gullbolta FIFA.
Messi átt enn og aftur ótrúlegt ár og var að vinna Gullboltann í fimmta skiptið á ferlinum. Enginn hefur unnið oftar en Messi setti met er hann vann í fjórða sinn. Aðeins hann og Cristiano Ronaldo hafa hlotið þessi verðlaun síðan 2008.
Lloyd var frábær í landsliði Bandaríkjanna sem varð heimsmeistari á síðasta ári. Lloyd átti erfitt með að ráða við tilfinningar sínar eftir að hún var valin. Hún er þriðja bandaríska stúlkan sem hreppir þessa nafnbót á eftir Abby Wambach og Mia Hamm.
Þjálfari ársins í kvennaflokki var valin Jill Ellis, landsliðsþjálfari Bandaríkjanna. Undir hennar stjórn varð bandaríska liðið heimsmeistari á síðasta ári.
Í karlaflokki var Luis Enrique, þjálfari Barcelona, valinn þjálfari ársins. Barca vann allt sem hægt er að vinna á síðasta ári undir hans stjórn.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.35 | Newcastle - Man. Utd | Sport |
| 19.35 | Bournem. - West Ham | Sport 3 |
| 19.35 | A. Villa - C. Palace | Sport 4 |
| 19.15 | Njarðvík B - Keflavík | Njarðvík |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**ELDAR MESTMEGNIS HOLLT**
Ragga Nagli vill sýna fram á að heilsuréttir geti verið gómsætir. Hún gefur nokkrar gómsætar uppskriftir.
Bls. 4

VETRARYFIRHAFNIR
STÓRÚTSALA 30%-50% AFSLÁTTUR
GERRY WEBER –BETTY BARCLAY
GÆÐAFATNAÐUR






Skoðið laxdal.is
www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook

# FRÁBÆR TVENNA FYRIR LIÐINA

**ARTASAN KYNNIR** *Nutrilenk Gold og Norðurkrill eru frábær bætiefni fyrir liðina sem reynst hafa Íslendingum mjög vel gegn liðverkjum.*

Norðurkrill er eitt hreinasta og öflugasta formið af Omega 3 fitusýrum sem völ er á. Krillolía er hrein og náttúruleg afurð unnin úr krilli sem er smágert krabbadýr/ljósáta sem lifir í Suðuríshafinu. Olían inniheldur einnig náttúrulega andoxunarefnið Axtasantin sem er afar öflugt og gerir það að verkum að olían er mjög stöðug, þ.e.a.s. hún hefur mikla vörn gegn þránun.

Omega 3 fitusýrur vinna gegn bólgum og hafa því m.a. reynst mjög vel gegn öllum liðverkjum. Samhliða inntöku á Nutrilenk Gold hefur þessi öfluga blanda gert kraftaverk fyrir marga, segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

Nutrilenk Gold er eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi. Það er unnið úr sérvöldum fiskbeinum, aðallega úr hákörlum sem talið er öflugt byggingarefni fyrir bein og brjósk enda ríkt af kondritíni, kondritínsúlfati, kollageni og kalki. Nutrilenk Gold hefur hjálpað ótrúlega mörgum sem fundið hafa fyrir stirðleika eða verkjum í skrokknum og í raun hefur fólk oft öðlast nýtt líf. Það er því afar hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum.

Hinrik Ólafsson leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður hefur verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár. „Fyrir rúmum 3 árum gat ég varla beygt mig, var með bólgur í liðum og hreyfigetan takmörkuð. Eftir liðþófaaðgerðir og árangurslausa notkun á lyfjum og náttúrulyfjum benti bæklunarlæknir mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn Nutrilenk Gold. Síðan þá hef ég tekið það inn daglega og bætti svo einnig Norðurkrillinu við því mig vantaði góða Omega 3 olíu. Batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hnjánum og get hreyft mig óhindrað. Samhliða stunda ég sjóböð og passa vel upp á mataræðið. Ef ég sleppi hins vegar að taka þetta inn þá finn ég verkina koma aftur. Ég get heils hugar mælt með þessari blöndu.“



**MEÐ SLITGIGT** Hinrik Ólafsson leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður hefur verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár.




**GÓÐUR ÁRANGUR**

„Ég finn ekki lengur til í hnjánum og get hreyft mig óhindrað.“
*Hinrik Ólafsson*

**FRÁBÆR REYNSLA**

„Nutrilenk Gold og Norðurkrill er öflug tvenna sem reynst hefur frábærlega fyrir liðina.“
*Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi*



ÚTSALA
10 - 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
SÓFAR / STÓLAR / BORÐSTOFUSTÓLAR / BORÐ / SKÁPAR
SVEFNSÓFAR / LJÓS / PÚÐAR / SMÁVARA
LÍNAN
BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS - OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

**Útsala**

**20 – 50% afsláttur**

| Verðdæmi: | Verð nú: | Verð áður: |
|---|---|---|
| Peysa | 6.500 kr. | 12.900 kr. |
| Buxur | 3.900 kr. | 8.900 kr. |
| Pils | 4.900 kr. | 7.900 kr. |
| Peysuslá | 3.900 kr. | 6.900 kr. |
| Toppur | 5.900 kr. | 8.900 kr. |
| Peysa | 5.900 kr. | 9.900 kr. |
| Poncho | 2.900 kr. | 5.900 kr. |

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook






**Á TOPPINN** „Ég varð fljótt góð í CrossFit og þetta átti vel við mig. Ég bætti mig hratt og ég var ekki búin að stunda íþróttina í margar vikur þegar ég setti mér markmið um að komast á Evrópuleikana," segir Katrín Tanja Davíðsdóttir, heimsmeistari í CrossFit. MYND/GVA

# BESTA ÚTGÁFAN AF SJÁLFRI SÉR

**STEFNIR Á SIGUR** *Miklar annir eru fram undan hjá Katrínu Tönju Davíðsdóttur, heimsmeistara í CrossFit. Heimsleikarnir verða haldnir í sumar.*

Undanfarnir mánuðir hafa verið annasamir í lífi Katrínar Tönju Davíðsdóttur, heimsmeistara í CrossFit. Fram undan er undirbúningur fyrir næstu Heimsleika sem haldnir verða í sumar og auðvitað er markmið hennar aðeins eitt; að standa aftur uppi sem sigurvegari.

Eftir stutt frí erlendis yfir jólahátíðina er alvaran tekin við á nýju ári hjá Katrínu Tönju. „Ég mun fljótlega halda til Bandaríkjanna þar sem ég mun dvelja við æfingar hjá þjálfara mínum. Fyrsta mót ársins verður svo í lok mánaðarins og þá sé ég betur hvar ég stend áður en tímabilið sjálft fer á flug." Næst á dagskrá er ferðalag til Bahamaeyja á vegum Reebok þar sem æfingahópurinn er hristur saman auk þess sem nýjar línur Reebok eru kynntar fyrir þeim. „Við fórum í sambærilega ferð í fyrra sem var hrikalega skemmtileg. Það er líka svo gott að fá smá sól inn í lífið fyrir veturinn sem fram undan."

Í byrjun febrúar er förinni heitið til Kanada þar sem hún mun eyða tíma í æfingabúðum ásamt þjálfurum sínum og þremur öðrum íþróttamönnum. „Í lok febrúar verður undankeppnin fyrir Evrópuleikana en þeir eru síðan undankeppni fyrir Heimsleikana sem haldnir verða í Kaliforníu í júlí. Öll markmið mín og æfingaprógrömm snúa að því að toppa í lok júlí þar sem ég vil mæta til leiks á Heimsleikana, vitandi að undirbúningurinn hefði ekki getað gengið betur. Á byrjunarlínunni vil ég vita það og trúa því að ég sé besta útgáfan af sjálfri mér sem íþróttamanni, bæði líkamlega og andlega."

### KOLFÉLL FYRIR ÍÞRÓTTINNI

Katrín hefur nú stundað CrossFit í rúmlega fjögur ár. „Ég æfði fimleika í tíu ár en hætti sextán ára gömul og hóf þegar í stað að leita að nýrri íþrótt. Eftir að hafa prófað frjálsar íþróttir um tíma sá ég frétt sumarið 2011 um sigur Annie Mistar á heimsleikunum í CrossFit. Ég sá strax að þetta var eitthvað sem gæti höfðað til mín og kolféll fyrir þessu."

Fyrsta árið æfði Katrín BootCamp þrisvar í viku & CrossFit fjórum sinnum í viku en svo átti CrossFit hug hennar allan. „Ég varð fljótt góð í CrossFit og þetta átti vel við mig. Ég bætti mig hratt og ég var ekki búin að stunda íþróttina í margar vikur þegar ég setti mér markmið um að komast á Evrópuleikana ári síðar. Nokkrum mánuðum síðar breyttist markmiðið í að komast á Heimsleikana sem gekk eftir."

Dæmigerður mánuður hjá Katrínu samanstendur af þremur stífum samfelldum æfingavikum og í kjölfarið tekur við ein létt vika til að leyfa líkamanum að jafna sig. „Í venjulegri viku eru fimm stífir æfingadagar. Þá tek ég morgunæfingu sem er yfirleitt styrktaræfing og svo einhvers konar tækni sem ég þarf að vinna í, t.d. kaðlar og dauðar handstöðuarmbeygjur. Seinni æfing dagsins er svo meira „conditioning" æfing en þá tek ég nokkrar æfingar, bæði lengri til að æfa þolið og styttri fyrir snerpu. Þá tek ég bara eina létta æfingu á fimmtudögum og á sunnudögum hvíli ég alveg. Auk þess tek ég 1-2 hlaupaæfingar í viku og eina sundæfingu."



### MATUR OG SLÖKUN SKIPTA MÁLI

Mataræðið skiptir einnig mjög miklu máli að sögn Katrínar. „Ég er rosalega vanaföst þegar kemur að mat og borða það sem lætur mér líða vel. Í morgunmat borða ég fjögur egg, hálft avokadó, papriku, stórt vatnsglas og kaffi. Hádegismatinn borða ég eftir fyrstu æfingu en það er yfirleitt túnfisk- eða kjúklingasalat með dökkgrænu grænmeti. Eftir seinni æfinguna fæ ég mér ávöxt og próteinsjeik. Kvöldmaturinn samanstendur oft af fiski eða kjúklingi með sætum kartöflum og grænmeti."

Svefn og slökun eru ekki síður mikilvægir þættir og hugar Katrín vel að þeim. „Það skiptir miklu máli upp á að líkaminn nái að jafna sig vel. Ég sef alltaf a.m.k. átta klukkutíma á hverri nóttu og slaka á milli og eftir æfingar með því að fara í heitan og kaldan pott auk þess að nota ýmis tæki til að losa mjólkursýru úr vöðvunum. Einnig má nefna að ég les mjög mikið af íþróttasálfræðibókum og ævisögum íþróttamanna. Þær halda hausnum á beinu brautinni og eru mjög hvetjandi."

■ starri@365.is






GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTIPAKKANUM

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817

365


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429


Fyrir okkur
sem syndum
í hvaða veðri
sem er
heilsa
Guli miðinn
MÚLTÍ VÍT
NÁTTÚRULEGT FJÖLVÍTAMÍN MEÐ STEINEFNUM
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
Vítamín og bætiefni Gula miðans eru sérstaklega valin og þróuð fyrir íslenskar aðstæður. Þess vegna hefur Guli miðinn verið hluti af daglegu lífi Íslendinga í 25 ár.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

# ERFÐAFRÆÐILEGT MATARGAT

**UPPSKRIFTIR** *Ragnhildur Þórðardóttir, heilsusálfræðingur og einkaþjálfari, betur þekkt sem Ragga nagli, hefur haldið ófá matreiðslunámskeið þar sem hún kennir fólki að elda hollusturétti. Hún vill sýna fólki að hollusturéttir geti verið gómsætir og kennir nemendum sínum meðal annars að búa til holla eftirrétti, bakkelsi og sætabrauð án sykurs og hveitis.*

Ragga segir mataráhugann hafa fylgt sér frá fæðingu. „Það er í genamengi mínu að vera matargat,“ segir hún glaðlega. „Ef ég er ekki akkúrat að borða, þá er ég að undirbúa að borða eða hugsa um að borða.“

**HVERNIG MATARHEFÐ HÖFÐAR MEST TIL ÞÍN?**

„Við hjónin ferðumst mjög mikið og erum bæði miklir matarperrar. Við förum mikið út að borða, bæði hér heima í Köben og erlendis og finnst fátt skemmtilegra en að prófa nýja og framandi matargerð. Indverskt er mikið uppáhald sem og tyrkneskt og grískt. Svo er sushi alltaf klassíker,“ segir Ragga sem nýlega prófaði kóreskan mat í fyrsta skipti. „Það var kúlínarísk sæla.“

*Eldar þú á hverjum degi?* „Ég reyni að elda í bunkum og búa í haginn. Þannig að þegar ég elda þá geri ég stóra skammta til að eiga tilbúið. Ég nenni ekki alltaf að reima á mig svuntuna og stundum eru vinnudagarnir langir og þá er gott að þurfa ekki að gera annað þegar maður kemur heim en að rífa tilbúið úr ísskápnum, henda á disk og í örbylgjuofn. Það kemur í veg fyrir örvæntingarfullar óæskilegar ákvarðanir í matarvali í hungurkasti,“ segir Ragga og bætir við að hún sé orðin svo dönsk í sér að hún spari rafmagn með því að nýta ofninn þegar hann á annað borð fer í gang.

**ELDAR ÞÚ BARA HOLLAN MAT?**

„Ég elda mestmegnis hollan mat. En ég borða ekki bara hollan mat. Ég fæ mér sveittar fröllur og mæjó með reglulegu millibili en þá læt ég aðra um þá vinnu, annaðhvort veitingahús eða vinafólk. Að mínu mati eru öfgar óheilbrigði. Sama í hvora áttina þær eru. Hinn gullni meðalvegur að mínu mati er 80% hollusta, 20% sveitt og sósað.“

*Hvað borðaðir þú um jólin?* „Um jólin borðaði ég kalkún og stöffing og sætar kartöflur á aðfangadag. Hreindýrasteik með öllu tilbehör á gamlárs,“ segir Ragga sem hefur enga bannlista. „Slíkir merkimiðar stuðla að „allt-eða-ekkert“ nálgun gagnvart mat, og þráhyggjuhugsunum um hið bannaða. Það veldur því yfirleitt að fólk springur á limminu og ofétur akkúrat það sem er bannað með tilheyrandi skömm og sektarkennd. Þetta er stór hluti af minni vinnu sem sálfræðingur, að hjálpa fólki út úr þessum vítahring.“



**HINDBERJA-VANILLUOSTAKAKA**

**VINSÆL NÁMSKEIÐ**

Ragga hefur haldið fjölmörg vinsæl matreiðslunámskeið. Þannig seldist upp á námskeiðið sem hún heldur 19. janúar næstkomandi en enn eru nokkur pláss laus á námskeið á Hvolsvelli mánudaginn 18. janúar.

„Ég kenni fólki að hollusta er ekki samnefnari á einhæfni. Það má moða svo margt gott og gómsætt úr hollum hráefnum þó ekki sé smjör og sykur í aðalhlutverki. Meginstefið á námskeiðunum eru hollir eftirréttir, bakkelsi og sætabrauð án sykurs og hveitis, en við gerum líka pitsur, brauð og bollur, og alls kyns meðlæti með því. Markmiðið er að fólk víkki sjóndeildarhringinn og vopnvæðist af þekkingu og kunnáttu í eldhúsinu til að vera glaður og fullnægður á hollustubrautinni.“

Hér eru tvær uppskriftir úr Heilsubók Röggu nagla sem kom út fyrir ári.



**RAGGA NAGLI** Gaf út bókina Heilsubók Röggu nagla í fyrra, en þar er að finna fjölda girnilegra uppskrifta.

**SÍTRÓNU-RÓSMARÍN-KJÚKLINGUR**

**1 heill kjúklingur 1.200 g**
**Rósmarín**
**Steinselja**
**Börkur af einni sítrónu**
**2 tsk. ólífuolía**
**Marið hvítlauksrif**

Hellið ólífuolíu í skál. Rífið sítrónubörk á rifjárni og bætið við. Bætið við mörðu hvítlauksrifi. Klippið rósmarín og steinselju út í blönduna. Skerið sítrónu í tvennt og kreistið yfir.
Setjið kjúkling í eldfast mót. Piprið og saltið vel. Kryddið jafnvel með Season all. Smyrjið sítrónublöndunni yfir kjúklinginn.
Skerið sítrónu í sneiðar og raðið meðfram kjúklingnum ásamt hvítlauksgeirum.
Bakið í 50 mínútur við 200°C.
Berið fram með góðu salati, brúnum hrísgrjónum blönduðum með ristuðum baunum frá Food Doctor, brokkólíi og maískorni.

**HINDBERJA-VANILLUOSTAKAKA**
**sem þarf ekki að baka**

**BOTN**
**150 g Himnesk hollusta haframjöl (eða glútenfrítt haframjöl)**
**2 msk. MONKI möndlusmjör**
**2 msk. agavesíróp**

**FYLLING**
**1 dós Philadelphia 11% hreinn smurostur**
**Korn úr vanillustöng eða vanilluduft**
**1 msk. NOW kókoshnetuhveiti**
**100 ml NOW erythritol**
**1 skófla Sunwarrior vegan vanilluprótínblanda**

**TOPPUR**
**100 g frosin hindber**
**1 dl vatn**
**3 msk. chiafræ**

Blandið saman öllu í botninn. Pressið það niður í botninn á 20 cm smelluformi. Blandið saman öllu í fyllinguna með töfrasprota og setjið yfir botninn. Setjið í kæli.
Hitið hindber og chiafræ í potti þar til vatnið er gufað upp. Takið af hellunni og leyfið að standa í 5 mínútur.
Smyrjið hindberjatoppnum ofan á kökuna og látið standa yfir nótt í kæli.



**SÍTRÓNU-RÓSMARÍN KJÚKLINGUR** Borinn fram með góðu salati og brúnum hrísgrjónum blönduðum með ristuðum baunum.


**Pana Chocolate**
Súkkulaði sem er gott fyrir þig...




- **Náttúruleg ofurfæða**
- **Enginn unninn sykur!**
- **Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna**
- **Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni**




**Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað**

Inniheldur lífrænt kakó sem er með mikið magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.

**www.icecare.is - Netverslun**

**Útsölustaðir:**
Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni




MYND/GVA

# GOTT SÖLUÁR AÐ BAKI OG 15.420 BÍLAR SELDIR

## 15.420 fólks- og sendibílar seldust á liðnu ári og er aukning 48% á milli ára. Sala til fyrirtækja jókst mest.

Alls seldust 15.420 fólks- og sendibílar á nýliðnu ári og jókst salan um 48 prósent á milli ára. Aukningin í fyrra var 32 prósent. Það gerir síðasta ár að langbesta bílasöluári frá hruni og virðist sem eðlileg bílasala sé aftur að skapast á landinu. Þessi ágæta sala nær þó ekki sölunni síðustu árin fyrir hrun, en dugar til þess að bílafloti landsmanna er ekki lengur að eldast. Af þessum 15.260 bílum voru 6.476 seldir til bílaleiga og jókst sala til þeirra um 45 prósent á árinu, en í fyrra keyptu leigurnar 4.470 bíla. Því jókst sala til einstaklinga og fyrirtækja meira en til bílaleiga. Sala til fyrirtækja jókst mest, 51,9 prósent og nam 3.051 bíl. Sala til einstaklinga jókst um 47,9 prósent og nam 5.893 bílum.

**BL söluhæst en Askja með mesta aukningu**

Söluhæsta einstaka umboðið á landinu var BL með 3.377 selda bíla og jókst salan um 48 prósent líkt og heildarsalan. Hekla seldi næstmest, eða 3.094 bíla og jókst salan þar um 52 prósent. Þriðja söluhæsta umboðið var Toyota með 2.571 bíl og 55 prósenta söluaukningu og það fjórða Brimborg með 1.913 bíla og 50 prósenta söluaukningu. Mestri söluaukningu umboða náði Askja með 58% fleiri selda bíla en í fyrra og var fimmta söluhæsta umboðið. BL var með 22,1 prósents markaðshlutdeild bílaumboðanna, næst kom Hekla með 20,3%. Því næst komu Toyota með 16,8%, Brimborg með 12,5% og Askja með 11,6%. Þar á eftir Bílabúð Benna með 6,4%, Suzuki með 5,4% og Bernhard með 4,8%. Mestu aukningu markaðshlutdeildar náði Askja, eða 0,8% og Hekla jók við sig um 0,7 prósent.

**Mercedes Benz söluhæstur lúxusbíla**

Ágæt sala var á lúxusbílum á árinu 2015 og jókst hún um 44,3% og seldust alls 1.162 slíkir bílar. Þessi aukning er þó minni en á markaðnum í heild sem óx um 48% og því hefur markaðshlutdeild lúxusbíla minnkað milli ára. Langsöluhæsta lúxusmerkið var Mercedes Benz með 328 selda bíla. Næst kom Volvo með 230 bíla, svo Audi með 177 bíla og skammt á eftir Land Rover/Range Rover með 171. Þar á eftir kom BMW með 114 bíla, svo Porsche með 75, Lexus með 45 og Tesla 19.

**Toyota söluhæst bílamerkja**

Af einstökum bílamerkjum var Toyota söluhæst með 2.526 selda bíla og enn eitt árið er Toyota söluhæst. Þar á eftir kom Volkswagen með 1.638 bíla, svo Kia með 1.354, þá Skoda með 999. Næst kom Ford með 878 bíla, Suzuki með 828, Hyundai 818, Renault 790, Nissan 734 og Mazda 551. Mesta aukningin hjá þessum bílmerkjum var hjá Mazda með 66 prósent aukningu milli ára. Þar á eftir var Kia með 64,3 prósenta aukningu, Toyota með 55,1 prósents aukningu, Volkswagen 43,4 og Nissan með 42,5 prósent.




BETRA START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

**Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótorhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.**




Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN

olís

Ellingsen

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858



## Fær Ford F-150 3,0 lítra dísilvél frá Land Rover?

Sögusagnir herma að Ford sé nú að prófa nýja útgáfu Ford F-150 pallbílsins með dísilvél sem framleidd er af Jaguar/Land Rover. JLR var jú um nokkurt skeið í eigu Ford, sem síðan seldi fyrirtækið til Tata Motors á Indlandi árið 2008. Þessi vél er 3,0 lítra og er hana einnig að finna í Td6 gerðum Range Rover og Range Rover Sport. Hún er 254 hestöfl og í F-150 bílnum verður hún tengd við sömu 10 gíra sjálfskiptingu og finna má í Ford F-150 Raptor kraftaútgáfunni. Með því að kaupa þessa vél frá JLR hyggst Ford minnka eyðslu bílsins en Ford framleiðir enga dísilvél sem kemst nálægt henni í sparneytni. Með því verður þessi gerð F-150 afar samkeppnishæf við Ram 1500 EcoDiesel, Chevrolet Colorado og GMC Canyon með sínar Duramax-vélar og Nissan Titan með Cummins-vélinni. Líklega verður hann reyndar eyðslugrennri en þeir allir. Sala Ford F-150 er langmest með bensínvélum, enda Bandaríkjamenn ekki ýkja hrifnir af dísilvélum og því er ekki við því að búast að þessi dísilútgáfa F-150 verði með söluhæstu útgáfum hans.

## Átta strokka rússajeppi



Hinn klassíski GAZ 69, eða rússajeppi, hefur fengið allsherjar yfirhalningu hjá rússneska breytingafyrirtækinu Truck Garage. Truck Garage er í St. Pétursborg og það ætlar að breyta tólf svona bílum og selja þá á sem svarar 7,5 milljónum króna. Endanleg útkoma bílsins er því að öllu leyti rússnesk. Bíllinn verður með 6,4 lítra V8 Hemi-vél, 465 hestafla. Bíllinn er að sjálfsögðu fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur. Hann fær stillanlega „coilover“-fjöðrun, Teraflex-diskabremsur, splittað drif og 17 tommu felgur með 35 tommu dekkjum á. Að innan verður bíllinn afar breyttur frá frumgerðinni, þó að útlitið verði í „retro“-stíl. Hann verður með leðursætum með rafdrifnum stillingum, hljómtækin eru af betri gerðinni þótt útlit þeirra sé „retro“ og allar hugsanlegar tengingar verða í bílnum, þ.á m. Bluetooth og iPhone. Miðað við lýsinguna á bílnum má ef til vill segja að hann verði á góðu verði, eða nær jepplingaverði en jeppaverði hér á landi. Auk þess er hann ógnaröflugur og hreinlega flottur. Kannski finnast kaupendur að honum hérlendis?



## Audi hugleiðir RS6 Allroad

Heyrst hefur frá herbúðum Audi að þar á bæ sé verið að vinna að Audi RS6 Allroad og með því blanda saman Audi RS6 og Audi Allroad bílunum. Þaðan hefur einnig heyrst að Audi hafi hætt við ýmis tilraunaverkefni sem voru á aðgerðalista fyrirtækisins fyrir dísilvélasvindlið, en öllum þeim hætt sem ekki teljast algjörlega nauðsynleg. Þess vegna sé þessi lítt kostnaðarsami samruni þessara tveggja skemmtilegu bíla auðvelt og ódýrt verkefni til að skapa spennandi bíl sem höfðað gæti til margra kaupenda. Það er að minnsta kosti miklum mun ódýrara en að þróa nýjan bíl frá grunni. Til stendur að kynna þennan áhugaverða bræðing næsta haust. Audi RS6 Allroad er helst hugsaður fyrir Kínamarkað, en hann verður einnig seldur á öðrum mörkuðum. Búist er við því að í þessum nýja bíl verði sama vélin og í RS6, þ.e. 4,0 lítra V8 og 560 hestafla vélin sem einnig má finna í Audi RS7. Þar sem von er á nýrri kynslóð A6 bílsins árið 2017 verður þessi bíll ekki lengi á markaði í fyrstu útgáfu, en ef til vill verður hann áfram í boði með næstu kynslóð. Búist er við því að Audi RS6 Allroad verði eitthvað dýrari en Audi RS6.



Volkswagen Phaeton er á stærð við Audi A8.

# VOLKSWAGEN LOKS AÐ HÆTTA SMÍÐI PHAETON

Töpuðu á hverjum bíl frá upphafi, enda kostar hann meira en Audi A8. Kemur e.t.v. aftur sem rafmagnsbíll.

Það gerðist loksins, það sem allir áttu von á eftir erfiðleika Volkswagen vegna dísilvélasvindlsins; hætt verður við smíði flaggskipsins Volkswagen Phaeton. Þar fer frábær bíll, en hann hefur ekki selst nógu vel, tap verið á hverjum bíl frá upphafi og framleiðsla hans tekur upp heila verksmiðju í Dresden, þótt smá sé. Reyndar er þessi verksmiðja hálfgert undraverk því hún er að mestu smíðuð úr gleri og er svo til gegnsæ og hreint stórkostlegt að sækja hana heim eins og greinarritari hefur gert.

### Kostar meira en Audi A8

Grunnverð á Volkswagen Phaeton er nú 89.650 evrur og margir hafa spurt sig hvort einhver geti réttlætt það að kaupa slíkan bíl umfram Audi A8 sem býðst á 81.000 evrur og skýrir það kannski best dræma sölu hans. Framleiðslu Phaeton verður hætt í mars næstkomandi eftir 14 ára framleiðslu og verksmiðjunni verður einfaldlega lokað. Volkswagen hefur litið á Phaeton sem stöðutákn og til vitnis um framúrskarandi framleiðslu fyrirtækisins og víst er að Phaeton er það. Það geta samt fáir hugsað sér að eiga svo dýran og stóran bíl með merki Volkswagen á húddinu og það virðist hafa verið banabiti hans, þó svo síðasti naglinn í líkkistuna hafi verið dísilvélasvindlið.

### Verksmiðjunni breytt til annarrar framleiðslu

Verksmiðjan í Dresden er sú minnsta af tíu verksmiðjum Volkswagen í Þýskalandi og þar vinna um 500 manns. Þeir þurfa ekki að hafa áhyggjur af atvinnumissi þar sem þeim býðst öllum að vinna áfram í verksmiðju Volkswagen í Zwickau, sem einnig er í gamla A-Þýskalandi, en þar eru Golf- og Passat-bílar framleiddir. Þó að verksmiðjunni í Dresden verði lokað verður það bara tímabundið og henni mun verða breytt til þess að framleiða aðrar gerðir Volkswagenbíla eða annarra undirmerkja Volkswagen. Það mun taka um eitt ár. Búið var að kynna nýja kynslóð Phaeton, en nú hefur verið tekin ákvörðun um að kynna ekki þann bíl, en líklegt þykir þó að hann muni aftur líta dagsljósið sem rafmagnsbíll árið 2019 eða 2020.



Saab 9-3 Aero.

## Saab-eigendur skrifa undir 1.550 milljarða samning um smíði 150.000 bíla

National Electric Vehicle Sweden (NEVS), sem keypti Saab árið 2012, hefur nú skrifað undir 12 milljarða dollara samning um framleiðslu 150.000 rafmagnsbíla til handa Panda New Energy í Kína og að 150.000 Saab 9-3 rafmagnsbílar verði afhentir fyrir árið 2020 og 100.000 íhlutir í aðrar gerðir rafmagnsbíla. NEVS er að undirbúa ráðningu hundraða starfsmanna til að uppfylla þennan samning. Stjórnarformaður NEVS, Stefan Tilk, sagði að þessi samningur markaði mikil tímamót, ekki bara hvað varðar fjölda bíla, heldur einnig sem stórt skref til að uppfylla þá framtíðarsýn sem stjórnendur NEVS hafa haft til langs tíma. NEVS er í eigu nokkurra aðila, National Modern Energy Holdings, Tianjin Binhai Hi-Tech Industrial Development Area og Bejing State Research Information Technology Co, svo segja má að margir aðilar komi að endurreisn Saab-merkisins sem gæti átt glæstari framtíð en margir hafa talið hingað til.

**Kia er áreiðanlegasti bílaframleiðandinn**
samkvæmt þýska fagtímaritinu Auto Bild.

www.kia.com

# Náðu þér í Soul

## — Kia Soul á frábæru verði




KIA
The Power to Surprise

## Reynsluaktu nýjum Kia Soul

Kia Soul er glæsilegur á að líta. Hann er þægilegur í akstri, rúmgóður og þú situr hátt í honum. Soul hefur ótal spennandi eiginleika eins og hita í stýri og sætum, loftkælingu, bakkmyndavél, bakkskynjara, 4,3" litaskjá og 16" álfelgur. Þú getur fengið Soul sem rafbíl eða disilbíl, sjálfskiptan eða beinskiptan — og á alveg frábæru verði. 7 ára ábyrgð fylgir öllum nýjum Kia bílum.

**Kia Soul bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð frá **3.490.777** kr.

**Kia Soul** — 1,6 dísil, 6 gíra, beinskiptur, 128 hö.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



## Toyota lækkar söluáætlanir fyrir Prius

Lækkandi olíuverð í heiminum öllum hefur minnkað eftirspurn eftir tvinnbílum þar sem kaupendur bíla horfa minna í eyðslu þeirra og sækja því ekki eins mikið í tvinnbíla og losna með því við þann aukakostnað sem þessi aukabúnaður felur í sér. Fjórða kynslóð Toyota Prius kom á markað í Japan í desember og von er á bílnum á Evrópumarkað sem og til Bandaríkjanna snemma á þessu ári. Í fyrri áætlunum Toyota var gert ráð fyrir að selja 400.000 Prius á ári, en í nýjum áætlunum Toyota er gert ráð fyrir 300-350.000 bílum. Bensín hefur lækkað um nær helming frá miðju ári 2014 í Bandaríkjunum, en þar er stærsti markaðurinn fyrir Toyota Prius. Það hefur orðið til þess að 12% færri Prius-bílar seldust þar árið 2015 en árið á undan. Nýr Prius er sagður 20% eyðslugrennri en forverinn og það sama á við mengun hans. Mengun hans fer úr 86 g/km af $CO_2$ í 70 g/km. Eyðslan fer úr 3,9 lítrum í 3,0 lítra. Toyota hefur selt fjórar milljónir Prius-bíla frá því þeir komu fyrst á markað.



## Defender nr. 2.000.000 fór á 80 milljónir

Nú þegar Land Rover er að hætta að framleiða Defender, hinn eiginlega Land Rover, stóð það næstum á sléttu að verksmiðjur Land Rover í Solihull verksmiðjunni í Bretlandi framleiddu alls tvær milljónir slíkra bíla. Sá sem var með framleiðslunúmerið 2.000.000 var síðan boðinn upp hjá Bonhams-uppboðsfyrirtækinu og mun afraksturinn renna til góðgerðarmála. Bílinn keypti ónefndur auðmaður í Katar og með kaupum hans er þessi bíll líklega dýrasti Land Rover sem seldur hefur verið. Það eru Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn sem njóta góðs af kaupverðinu og verður fénu varið til að berjast gegn náttúruvá í SA-Nepal og til verndunar villtu dýralífi í Meru-þjóðgarðinum í Kenýa. Bíllinn sem Katarinn keypti er reyndar engin venjuleg útgáfa af Land Rover Defender, en hann er með óvenju ríkulegri innréttingu, með ágröfnu korti af Red Wharf Bay, þar sem hugmyndin að smíði hans á víst að hafa kviknað og að sjálfsögðu er einnig ágrafin plata í innréttingu bílsins sem greinir frá því að þetta sé framleiðslubíll nr. 2.000.000. Þá er einnig álplata inni í bílnum með nöfnum allra þeirra starfmanna sem tóku þátt í smíði hans.

# SAMEINUÐ VÉLASMÍÐI?

## Munu bandarískir bílaframleiðendur taka saman höndum um smíði véla og spara með því gríðarlegar upphæðir.

Forstjóri Fiat-Chrysler hefur óþreyttur talað fyrir sameiningu fyrirtækisins við General Motors og að gera fyrirtækin þannig arðsamari. Þessari tillögu hans hafa forsvarsmenn GM tekið fálega og geta hreint ekki hugsað sér sameiningu. Sumir hafa þó bent á að fyrirtækin tvö gætu sameinast um þróun véla í bíla sína, sparað með því gríðarlegar upphæðir og gert með því bílana samkeppnishæfari við japanska og þýska bíla. Einnig mætti fá Ford í svona samstarf.

Sumir hafa bent á að margar af vélum fyrirtækjanna séu þekktar sem hjarta þeirra og afar tengdar bílgerðum, en mótrökin við því eru þau að langflestum bíleigendum sé sléttsama um hvaða vél sé í bílum þeirra, svo framarlega sem þær eru áreiðanlegar og aflmiklar. Sama eigi við skiptingar í bílum þeirra.

Hörðum bíláhugamönnum stendur alls ekki á sama um hvaða vélbúnaður er í bílum þeirra og það sama á líklega við eigendur Hybrid og Plug-In-Hybrid bíla, en sá hópur telur aðeins um 15% bíleigenda. Það þýði að fyrir 85% markaðarins skipti það hreinlega engu máli hvaðan vélbúnaðurinn kemur og á það eigi framleiðendur að hlusta.



Vélasmíði í bandarískri verksmiðju.

### Samtals 20 milljónir véla og skiptinga

GM, Fiat-Chrysler og Ford smíða um 20 milljónir véla og skiptinga í ár. Um 90% þeirra eru meira og minna sams konar vélar, sem þýðir að þeir eru hver í sínu horni að gera sama hlutinn og þróa nýjar vélar af sömu gerð og hinir með ærnum þróunarkostnaði. Ef þessir þrír aðilar sameinuðust um þróun og smíði þessara tuttugu milljóna véla og skiptinga myndi það gefa þeim algjöra sérstöðu í heiminum. Ekki veitir þeim heldur af frekari þróun þeirra þar sem bandarískar vélar eyða enn talsvert meira eldsneyti en japanskar og þýskar vélar. Kostnaður við smíði þeirra myndi lækka gríðarlega mikið, því hafa verður í huga hve stór þáttur í endanlegu verði bíls er fólginn í vélinni og skiptingunni. Það er til dæmis þekkt staðreynd að þróun nýrrar vélar kostar bílaframleiðanda um 65 milljarða króna.

### Mætti lækka þróunarkostnað um tvo þriðju

Þann kostnað mætti lækka um tvo þriðju ef þessir þrír bílaframleiðendur sameinuðust um þróun. Sama á við um þróun skiptinga. Bílaframleiðendurnir gætu enn haldið sérstöðu sinni með viðbótum við vélarnar, t.d. með notkun forþjappa og keflablásara, þótt í grunninn væri um sömu vélar að ræða.

Fylgjendur þess að sameinast um vélarþróun og framleiðslu eru á því að best sé að stofna um slíkt nýtt félag í eigu þeirra allra, það sé eina leiðin til að koma í veg fyrir árekstra. Það sem ýtir undir umræðu sem þessa um sameiginlega smíði véla er ekki síst sá litli og minnkandi hagnaður sem er af framleiðslu bíla og hafa sumir áhyggjur af því að fjárfestar velji fremur annars konar starfsemi en bílaframleiðslu til að fá meiri ávöxtun fjár síns. Hvort það dugar til að bandarísku bílaframleiðendurnir taki einhver skref í þessa átt á næstunni skal ósagt látið, en þetta er komið í umræðuna.






Fenyr SuperSport er engin venjuleg kerra.

## Fenyr SuperSport er jafnoki Bugatti Veyron

W Motors í Dubai er nú með til sýnis nýjustu afurð sína, Fenyr SuperSport bíl með 900 hestafla vél sem er 2,7 sekúndur í hundraðið og með 400 km hámarkshraða. Það eru svipaðar tölur og Bugatti Veyron er skráður fyrir.
W Motors var einmitt með Lykan HyperSport bíl sinn í myndinni Fast and the Furious 7, en þessi nýi bíll er öflugri en hann. Kraftinn fær hann úr 4,0 lítra 6 strokka vél og tveimur RUF risaforþjöppum. Hann er með 7 gíra sjálfskiptingu með tveimur kúplingum. Bíllinn er bara 1.200 kíló og skýrir það ef til vill best hversu snöggur hann er, en yfirbygging hans er smíðuð úr koltrefjum. Það er þó óskandi að W Motors færi sönnur á getu bílsins með myndskeiði eða prófunum óháðra einstaklinga svo allir geti tekið þessar tölur trúanlegar. Framleiðsla á Fenyr SuperSport verður takmörkuð við 25 bíla og fyrirtækið segir að framleiðsla hans sé í samstarfi við austurríska bílasmiðinn Magna Steyr og að bíllinn hafi verið teiknaður af StudioTorino í Ítalíu. Ekki kemur fram hvað hann á að kosta, en það er örugglega til nóg af kaupendum í löndunum kringum Dubai.













## Volkswagen Amarok kemur þér á leiðarenda.

Amarok býður upp á einstaklega gott vinnuumhverfi, mikið innanrými og stóran pall. Frábærir aksturseiginleikar og þýsk gæði endurspeglast í þessum kröftuga pallbíl. Amarok Startline með fjarstýrðum og tímastilltum vélahitara (Webasto) og loftkælingu fæst nú á sérstöku tilboðsverði.

**Amarok Startline** 4Motion D/C 2.0 TDI 140 hestöfl kostar frá

**5.990.000 kr.**

(4.830.645 kr. án vsk)

**Eyðsla frá 7,6 lítrum/100 km.**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

MERCEDES BENZ

**2,1 DÍSILVÉL, 170 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 5,5 l/100 km
í blönduðum akstri

**Mengun** 129 g/km CO2
**Hröðun** 8,3 sek.
**Hámarkshraði** 210 km/klst.
**Verð** 8.360.000 kr.
**Umboð** Askja

- Stop&Go ádrepibúnaður
- Verð

- AkstursGeiginleikar
- Glæsileiki
- Skipting



MYNDIR/GVA

# VEL HEPPNUÐ KYNSLÓÐASKIPTI

## Leysir af hólmi GLK og er gerbreyttur í útliti, er örlítið stærri en miklu laglegri bíll. Hann er byggður á sömu botnplötu og C-Class og þaðan kemur síðasti stafurinn í nafninu.

**MERCEDES BENZ GLC**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Síðastliðið sumar fór þessi nýi jepplingur að rúlla af færiböndunum hjá Mercedes Benz. Hann leysir af hólmi annan vel heppnaðan og söluháan bíl úr smiðju þeirra, Mercedes Benz GLK. Sá bíll seldist einmitt mjög vel hér á landi, en meiningin hjá Benz var að gera enn betur og það virðist hafa tekist. Fyrir það fyrsta þótti mörgum GLK vera full kantaður þó að gæði hans væru ekki dregin í efa. Þessi nýi GLC-bíll er miklu fallegri og rúnnaðri í lögun og mun vafalaust falla fleirum í geð. Hér er sem sagt kominn glænýr bíll þótt hann sé byggður á sömu botnplötu og C-Class fólksbíllinn og það skýrir kannski helst síðasta stafinn í nafni hans. Auk þess eru íhlutir GLC að 70 prósentum þeir sömu og í C-Class bílnum. GLC er aðeins stærri en forverinn GLK, hann er 1,2 cm lengri og 0,4 cm breiðari, en engu að síður er 12 cm lengra á milli hjóla. Þrátt fyrir aukna stærð er hann þó 80 kílóum léttari og á þar aukin notkun áls og hástyrktarstáls stærstan þátt.

### Lúxusinnrétting og aukið rými

Jafn gagnger breyting hefur orðið á innréttingu GLC frá GLK og allt miklu flottara og rýmra. Sem dæmi, þá hefur fótarými að aftan aukist um fimm sentimetra og rými fyrir alla farþega aukist á alla kanta. Höfuðrými í aftursætum er svo gott að ekki væsir um fullvaxna þar og tilfinningin frekar sú að ferðast sé í stórum jeppa en jepplingi. Sama er að segja um farangursrýmið, það hefur stækkað verulega frá forveranum. Benz hefur fært innréttinguna upp um nokkra flokka hvað íburð varðar og efnisvalið eftir því. Auk þess hefur verulega verið bætt um betur hvað hin ýmsu geymsluhólf í bílnum varðar. Ekki kemur á óvart að bíllinn er með lyklalausri ræsingu, rafdrifnum sætum, rafdrifnum hliðarspeglum, rafdrifnum afturhlera og 7 tommu aðgerðaskjá og með því sést að Benz hefur ekki viljað vera eftirbátur helstu samkeppnisbílanna, Audi Q5, BMW X3, Land Rover Discovery Sport og Lexus NX.

### Fjórar akstursstillingar og 9 gíra kassi

Ein besta nýjungin í GLC eru hinar mismunandi akstursstillingar sem velja má á milli eftir aðstæðum. Þar má finna stillingarnar Eco, Comfort, Sport og Sport+ og finnst vel fyrir muninum á þeim. Mjög gaman er að flýta sér á þessum jepplingi og þá er rétt að velja annaðhvort Sport eða Sport+ og láta öfluga vélina hafa fyrir hlutunum og finna hversu góð hin níu gíra sjálfskipting bílsins vinnur með henni. Auk þess er fjöðrun bílsins afar vel heppnuð og rásfestan því til fyrirmyndar. Sú gerð GLC sem var til prufu heitir GLC 220 og er með 170 hestafla dísilvél og 2,1 lítra sprengirými. Þetta er spræk vél sem hentar bílnum vel og vakti hvað mesta furðu hve hun er ótrúlega hljóðlát af dísilvél að vera. Vel hefur heppnast að hljóðeinangra bílinn og er hann með þeim allra bestu hvað það varðar.

### Ánægjulega lítil eyðsla

Annað sem kom skemmtilega á óvart var lítil eyðsla bílsins og það er ekki oft sem uppgefnar eyðslutölur nást, en hann hjó verulega nærri uppgefinni eyðslu upp á 6,3 lítra í borgarakstri. Þessi reynsla er sjaldgæf og vekur athygli fyrir þetta stóran bíl. Eitt af því fáa sem fór í taugarnar á ökumanni var Stop&Go ádrepibúnaður bílsins, en ræsing hennar er gróf og ekki viðbragðssnögg. Það er þó hugg-un harmi gegn að drepa má á þessum búnaði, sem sannast sagna er ekki svo mikilvægur í íslenskri umferð en er til þess hugsaður að minnka eyðslu bílsins og mengun í leiðinni. Í heildina má segja að aksturshæfni þessa bíls sé með því besta sem gera má kröfu um hjá jepplingi, en satt best að segja minnti hún á góðan fólksbíl.

### Dýrari en samkeppnisbílarnir

En hvernig stendur hann sig gagnvart keppinautunum í verði? Ódýrustu gerð bílsins má fá á 8.360.000 kr. þó að reynsluakstursbíllinn hafi verið dýrari. Audi Q5 kostar 7.990.000 kr. í ódýrustu útfærslu og BMW X3 kostar 7.290.000 kr. Land Rover Discovery Sport með 180 hestafla dísilvél kostar 7.790.000 kr. og Lexus NX kostar







Alltaf smekklegar innréttingar í Mercedes Benz bílum og engin undantekning hér og hún tekur verulega fram innréttingunni í forveranum, Mercedes Benz GLK.

Sérstök staðsetning fyrir sætisstillingar í öllum Benz bílum, þ.e. í hurðunum.

Lofttúðurnar eru einkennandi í Benz bílum þessi misserin.








# Tjón vegna umferðaróhappa 40-50 milljarðar á ári

Samgöngustofa áætlar að tjón þjóðarbúsins vegna umferðaróhappa sé allt að 40 til 50 milljarðar á ári. Þetta er ótrúlega há upphæð og og spyrja má hvort hagsmunaaðilar geri það sem í þeirra valdi stendur til að fækka megi umferðaróhöppum. Margar ástæður geta leitt til umferðaóhapps, margar þeirra eru illviðráðanlegar meðan aðrar eru þess eðlis að með fræðslu og samstilltu átaki hagsmunaaðila mætti afstýra fjölda árekstra. Sýnt hefur verið fram á að ökumenn á slitnum hjólbörðum valda miklu fleiri árekstrum en fjöldi þeirra í umferðinni segir til um.

### Ný lög um mynsturdýpt hjólbarða

Á síðasta ári tóku gildi ný lög um mynsturdýpt hjólbarða, hert var á eldri reglugerð og skal mynsturdýpt frá 1. nóv. til 15. apríl vera a.m.k. 3 mm og yfir sumartímann yfir 1,6 mm. Hver eru viðurlögin og hvernig er þeim framfylgt? Þrátt fyrir þessar hertu reglur er ljóst samkvæmt nýlegri athugun VÍS að allt of margir leyfa sér að aka um á of slitnum hjólbörðum. Áætlað er að rekja megi allt að 20-30% umferðaóhappa til bifreiða á of slitnum dekkjum. Miðað við tölur frá Samgöngustofu er kostnaður þjóðarbúsins vegna lélegra hjólbarða 8 til 12 milljarðar króna. Því má spyrja hvort ekki sé tímabært að allir leggist á eitt svo lækka megi þessa upphæð til muna.

### Ættu tryggingafélögin að niðurgreiða góð dekk?

Hvað er til ráða? Eru góðir vetrarhjólbarðar of dýrir? Ættu hagsmunaaðilar eins og vátryggingafélögin ekki að skoða


Fulltrúar vátryggingafélagsins Varðar og Harðkornadekkja ehf., umboðsaðila Green Diamond, handsala samninginn.

það betur að niðurgreiða góð dekk til að sinna viðskiptavinum. Væri það ekki beinn hagnaður fyrir tryggingafélögin, sem birtast myndi í færri tjónum sem er eðli málsins samkvæmt langstærsti kostnaðarliður hvers vátryggingafélags. Samkvæmt samtölum við tryggingafélögin þá eru það aðeins Sjóvá og Vörður sem bjóða viðskiptavinum sínum að kaupa dekk með góðum afslætti.

### Sjóvá og Vörður veita afslátt af nýjum dekkjum

„Hjólbarðar gegna veigamiklu hlutverki enda eru þeir eru einn mikilvægasti öryggisbúnaður hverrar bifreiðar. Það skiptir því miklu máli að ökutæki séu útbúin góðum hjólbörðum sem henta fyrir aðstæður hverju sinni. Allt of margir draga það of lengi að kaupa ný dekk og stefna öryggi sínu og annarra í umferðinni í hættu með því að aka um á of slitnum dekkjum. Okkur hjá Verði er umhugað um öryggi viðskiptavina okkar og bjóðum í samstarfi við Harðkornadekk ehf. góðan afslátt af Green Diamond harðkornadekkjum til viðskiptavina í Grunni,“ segir Ingvar Örn Einarsson, markaðsstjóri Varðar.

# Fisker með nýjan ofurbíl

Á tilvonandi bílasýningu í Detroit ætlar Henrik Fisker að kynna nýjan bíl frá þessum undurreista hollenska sportbílaframleiðanda. Hann fær nafnið Force 1 og bara nafnið bendir til að þar fari öflugur bíll. Það á hann svo sannarlega að vera því Fisker segir að bíllinn verði með öflugustu brunavél sem í boði er sem ekki nýtur forþjappa eða keflablásara. Það þýðir einfaldlega að hún verður öflugri en 7,0 lítra V12 vélin sem finna má í Aston Martin Vulcan, en hún skilar 800 hestöflum. Þessi drifrás er ekki beint skyld þeirri sem var í Fisker Karma bílnum sem Fisker smíðaði fyrir örfáum árum, en hann var eingöngu drifinn rafmagni. Yfirbygging bílsins er að mestu leyti smíðuð úr koltrefjum og hann stendur á 21 tommu felgum.

Þessi bíll á að vera jafn fær um að aka um hefðbundna vegi og keppnisbrautir og á að vera þægilegur í umgengni og fara vel með farþega. Hann verður sannkallaður lúxusbíll sem mikið er lagt í, enda mun hann kosta langleiðina í 300.000 dollara, eða 39 milljónir króna. Bíllinn verður smíðaður í Michigan í Bandaríkjunum og framleiðsla hefst í apríl á næsta ári. Aðeins 50 eintök verða smíðuð af þessum bíl.


Úr smiðju Jaguar.

# JLR MEÐ MIKLAR FJÁRFESTINGAR Í PÍPUNUM

## Ný bílaverksmiðja í Slóvakíu og nýfjárfestingar í Bretlandi.

Stjórn Jaguar Land Rover hefur tilkynnt um umtalsverðar fjárfestingar í framleiðslumálum fyrirtækisins fyrir sem nemur tveimur milljörðum sterlingspunda. Annars vegar staðfesti fyrirtækið að reist verði ný bílaverksmiðja í Slóvakíu fyrir um einn milljarð sterlingspunda, þar sem ál mun gegna lykilhlutverki, og hins vegar var tilkynnt um nýfjárfestingar í Bretlandi fyrir nálega sömu upphæð. Þetta samsvarar tæpum 400 milljörðum íslenskra króna. Þetta kom fram á blaðamannafundi sl. föstudag í Bratislava, höfuðborg Slóvakíu, að viðstöddum forstjóra fyrirtækisins og forsætisráðherra Slóvakíu.

### Völdu Slóvakíu fremur en Mexíkó eða Bandaríkin

Nýja verksmiðjan verður reist í borginni Nitra, skammt austan höfuðborgarinnar og kemur staðfestingin í kjölfar viljayfirlýsingar sem undirrituð var við stjórnvöld í ágúst. Áður hafi fyrirtækið skoðað kosti í öðrum Evrópulöndum auk Bandaríkjanna og Mexíkó. Bílasmiðjan í Nitra mun skapa um 2.800 ný störf og verða þar framleiddar bílgerðir af næstu kynslóðum Jaguar Land Rover þar sem megináhersla verður lögð á ál sem smíðamálm í samræmi við sjálfbærnistefnu fyrirtækisins. Auk nýfjárfestingar í Nitra verður ráðist í umfangsmiklar fjárfestingar í Bretlandi fyrir tæpan milljarð punda sem er mesta innspýting í breskan bílaiðnað í áratugi. Þær fjárfestingar koma til með að skapa nokkur hundruð ný störf.

### Umfangsmikill bílaiðnaður í Slóvakíu

Auk nokkurra bílaverksmiðja í Bretlandi starfrækir Jaguar Land Rover nú þegar verksmiðjur í Brasilíu, Kína og á Indlandi. Í Slóvakíu er rótgróinn og umfangsmikill bílaiðnaður, enda tengjast 43% þarlends iðnaðar bílgreininni, að meðtöldum hundruðum birgja sem framleiða margvíslega íhluti fyrir bílaframleiðendur. Þessir og aðrir nauðsynlegir og traustir innviðir í Slóvakíu gera það að verkum að ákjósanlegt er að framleiða bíla þar sagði Ralf Speth, forstjóri Jaguar Land Rover, þegar tilkynnt var um fjárfestingarnar þar sem forsætisráðherra Slóvakíu, Robert Fico, var viðstaddur. Hann sagði jafnframt að hjarta fyrirtækisins yrði þó hér eftir sem hingað til í Bretlandi þar sem hugmyndasmiðir og hönnuðir fyrirtækisins eru staðsettir ásamt tækniþróunardeildinni og helstu verksmiðjunum.

### Létta bíla sína með áli

Jaguar Land Rover hefur á undanförnum árum m.a. lagt aukna áherslu á að létta bifreiðar sínar og auka eldsneytisnýtingu í samræmi við umhverfissjónarmið. Nýja bílaverksmiðjan í Nitra verður byggð sérstaklega með þessi markmið í huga. Framleiðslugetan í Nitra verður 150 þúsund bílar á ári. Framkvæmdir hefjast strax á næsta ári og er gert ráð fyrir að fyrsti bíllinn renni af færibandinu síðari hluta árs 2018. Jaguar Land Rover hefur á undanförnum árum fjárfest umtalsvert í rekstri sínum í Castle Bromwich, Halewood og Solihull í Bretlandi til að styðja við þau markmið sín sem einkenna allar nýjar kynslóðir bílgerða framleiðandans, svo sem Jaguar XE, XF og F-PACE, Range Rover Evoque Convertible og Land Rover Discovery Sport.

### Fjölgun um 13.000 starfsmenn

Auk þessa er fyrirhugað að stækka tækniþróunar- og hönnunardeildirnar í Whitley og Coventry og fjárfesta í Nýsköpunarmiðstöð bílgreina í Bretlandi sem starfrækt er við háskólann í Warwick. Á undanförnum árum hefur starfsmönnum Jaguar Land Rover fjölgað um meira en 13 þúsund og eru þeir nú alls rúmlega 37 þúsund. Á sama tíma hefur fyrirtækið fjárfest á ýmsum sviðum fyrir meira en 11 milljarða sterlingspunda.




BEIN LEIÐ Í 40 ÁR
1975 | Bílabúð Benna | 2015
INSIGNIA
Opel Insignia
Verð frá: 3.890.000 kr.
Útborgun frá aðeins: 389.000 kr.
OPEL INSIGNIA
ÞÝSKUR OG STÓRGLÆSILEGUR
Bíll sem þú elskar að aka
Opel Insignia er eðalbíll sem sameinar glæsilegt útlit og afburða akstursеiginleika. Insignia hefur það allt; sparneytna vél, sportlegt útlit og ríkulegan staðalbúnað. Þetta er bíll sem þú elskar að keyra. Hann fæst í mörgum útgáfum og meira að segja fjórhjóladrifinn.
Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár
Kynntu þér Opel Insignia á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur
Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330
Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ
OPEL
Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara

## MITSUBISHI L200

**2,4 l dísilvél, 181 hestafl**
**Fjórhjóladrif**
**Eyðsla** 7,2 l./100 km í bl. akstri
**Mengun** 173 g/km CO2

**Hröðun** 10,4 sek.
**Hámarkshraði** 178 km/klst
**Verð** Frá: 6.890.000 kr.
**Umboð** Hekla

- Beygjuradíus
- Staðsetning bakkgírs

- Vél
- Drifmöguleikar
- Aksturseiginleikar
- Verð



Mitsubishi L200 pallbíllinn. MYND/GVA

# FÁGAÐUR OG EYÐSLUGRANNUR VINNUÞJARKUR

**Vekur kæti fyrir gæði, aksturs- og drifgetu, fágun, búnað, flutnings- og toggetu og ekki síst fyrir útlit. Kemur nú af fimmtu kynslóð með sprækri en eyðslugrannri vél og fellur því í lágan vörugjaldsflokk.**

Fimmta kynslóðin af pallbílnum Mitsubishi L200 er komin til landsins en hann hefur verið framleiddur frá árinu 1978. Hann kemur nú með nýrri 2,4 lítra dísilvél með forþjöppu sem skilar 181 hestafli til allra hjólanna. Þessi nýja vél er mun eyðslugrennri en í forveranum og uppgefin eyðsla hennar er aðeins 7,2 lítrar í blönduðum akstri. Það er 15 prósentum minna en í þeirri gömlu og nú mengar hann aðeins 173 g/km af $CO_2$. Allt eru þetta fínar tölur en það gleður einnig hversu hljóðlát og þýðgeng þessi vél er og reynsluökumaður minnist þess ekki að hafa ekið pallbíl með dísilvél sem er eins hljóðlátur og á reyndar góð hljóðeinangrun einnig þátt í því. Þá gleður það líka hve vélin togar vel á lágum snúningi og er í raun öflug á öllu snúningssviðinu. Með þessa öflugu og skemmtilegu vél er L200 aðeins 10,4 sekúndur í hundraðið og tekur hann þar fram flestum pallbílum sem í boði eru.

### Í fjórhjóladrifi í háa drifinu

Reynsluakstursbíllinn var með sex gíra beinskiptingu sem er eins góð og beinskiptingar verða. Fyrir vikið reyndist aksturinn hinn ljúfasti og jafnvel skemmtilegra að aka honum beinskiptum en sjálfskiptum. Staðsetning bakkgírsins vinstra megin við fyrsta gír var það eina sem fór létt í pirrurnar á ökumanni, sem greinilega er vanari því að hann sé niðri lengst til hægri en uppi lengst til vinstri. Öllu má nú pirra sig á! Nú má velja um hvort notast er aðeins við afturhjóladrif eða fjórhjóladrif með Super Select snúningshring sem staðsettur er í miðjustokknum. Í ófærðinni sem verið hefur undanfarið var valið einfalt, hann var yfirleitt í fjórhjóladrifinu og kom það sér vel. Mikill kostur er að setja má bílinn í fjórhjóladrif í háa drifinu og eykur það grip og stöðugleika hans. L200 er eini pallbíllinn sem býður upp á þennan valkost, sem telst mikill kostur. Svo telst það einnig til mikilla kosta að læsa má millikassa bílsins bæði í háa og lága drifinu. Fyrir vikið er drifgeta þessa bíls framúrskarandi. Fyrir einum ókosti fannst við aksturinn, en það er stór beygjuradíus og þurfti því stundum að hræra dálítið í gírunum svo komast mætti leiðar sinnar.

### Vinnuþjarkur en samt fágaður

Mitsubishi L200 tekur þó fram öðrum pallbílum á fleiri sviðum. Hann er með mestu flutningsgetuna í sínum flokki, en með eigin þyngd getur hann flutt 4.090 kíló og dregið heil ósköp, eða 3.100 kíló og flutningsgetan á pallinum er eitt tonn. Þarna er því kominn heilmikill vinnuþjarkur. Þó hann sé það er hann einnig fágaður, bæði í akstri og frágangi öllum. Innréttingin er eins og komið sé inn í fremur smekklegan fólksbíl og minnir margt þar á innréttinguna í Mitsubishi Outlander. Ekki verður kvartað yfir sætum bílsins, hvort sem er fram í eða aftur í, þótt þar mætti vera meira höfuðrými. Snertiskjár er í bílnum með bakkmyndavél, akreinaskiptivari, sjálfvirkur regnskynjari og sjálfvirk ljósastýring, blátannarbúnaður, lyklalaust aðgengi, sjálfvirk loftkæling, sex hátalarar og býsna gott hljóðkerfi, leðurklætt stýri og sjö öryggispúðar. Því má sjá að býsna vel er í lagt með þennan bíl. Svo er hann með varadekk í fullri stærð á 17 tommu álfelgu. Mikill kostur hérlendis.

### Á flottu verði

Yfir það heila verður að segjast að nýr Mitsubishi L200 hafi vakið undrun fyrir gæði, aksturs- og drifgetu, fágun, búnað, flutnings- og toggetu og alls ekki síst útlit. Þar tekur hann öðrum pallbílum í sama flokki fram. Hér er því kominn bíll sem mjög auðvelt er að mæla með og sannast sagna átti reynsluökumaður alls ekki von á svo góðum bíl er hann var sóttur. Líklega er hér kominn fyrsti pallbíll sem greinarritari gæti hugsað sér að eiga. L200 býðst frá 6.890.000 kr. Þar slær hann við sambærilega búnum Toyota Hilux í SR útgáfu á 7.340.000 kr. og Isuzu D-Max á 7.090.000 kr. sem er þó sjálfskiptur. Það hjálpar mjög verðinu á L200 að hann fellur í 35 prósenta vörugjaldsflokk en samkeppnisbílarnir í 45.


Hin laglegasta innrétting í L200.




**BMW X3 xDrive20d. Verð frá 7.290.000 kr.** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting, Sensatec leðuráklæði, lykillaus gangsetning, 6,5" litaskjár í mælaborði, handfrjáls búnaður (Bluetooth) fyrir síma og tónlist.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Amerískur Volvo-dreki

Það myndu líklega fáir trúa því að þessi bíll væri af Volvo-gerð. Aðeins var smíðað eitt eintak af honum því hætt var við framleiðslu hans. Bíllinn er nú á safni Volvo í Gautaborg. Meiningin var að markaðssetja þennan bíl í Bandaríkjunum, en eins og sjá má ber hann mikinn svip þarlendra bíl á þessum árum, en þessi bíll var smíðaður árið 1952. Hann fékk nafnið Philip og var með 120 hestafla 8 strokka vél, ekta amerísk hugsun þar og ekki beint sænsk. Það var síðan ekki fyrr en árið 1955 að Volvo hóf sölu bíla sinna í Bandaríkjunum með Volvo Amazon-bílnum.

**Að selja eskimóum ísskápa**

